

# Möguleg áhrif af upptöku evru á ferðapjónustu á Íslandi

BA LOKAVERKEFNI  
HAUSTÖNN 2009



**Nemandi**

Georg Heiðar Ómarsson

**Leiðbeinandi**

Njörður Sigurjónsson



Staðfesting lokaverkefnis  
til BA – gráðu í félagsvísindadeild

Lokaverkefnið:  
Möguleg áhrif upptöku evru á ferðaþjónustu á Íslandi

Höfundur:  
Georg Heiðar Ómarsson, kt. 040376-4109

hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst  
og hefur hlotið lokaeinkunnina: \_\_\_\_\_

Bifröst, 19. janúar 2010

# Möguleg áhrif af upptöku evru á ferðapjónustu á Íslandi

Lokaverkefni til BA – gráðu í félagsvísindadeild  
Haustönn 2009

**Nemandi**

Georg Heiðar Ómarsson

**Leiðbeinandi**

Njörður Sigurjónsson

## Ágrip

Umræðan um upptöku evru hefur verið mikil undanfarin ár hér á landi og eftir efnahagshrun landsins hefur þessi umræða færst í aukanna. Ferðapjónusta landsins er ein af stærstu útflutningsgreinum landsins og því er við hendi að skoða hver möguleg áhrif yrðu á þessa atvinnugrein ef af upptöku evru yrði. Höfundur bar saman gengi evrunnar að hverju sinni við gistinætur á sama tíma og árin eftir. Þar kom í ljós að samhengið milli kostnaðar á evru og gistinótta aukningu er lítið. Einnig bar höfundur saman gengi evru við gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum. Þar var mikið samhengi en hins vegar ef þessar gjaldeyristekjur voru reiknaðar í evrur var raunin sú aukning í heildarupphæð evra var ekki mikil. Því má segja að það séu ekki að skila sér fleiri evru til landsins frá erlendum ferðamönnum þrátt fyrir lágt gengi íslensku krónunnar.

Áhrifin sem önnur lönd eins og t.d. Slóvenía sem tók upp evruna árið 2007 voru skoðuð en helstu neikvæðu áhrifin voru hækkandi verðlag. Hins vegar er líklegra að áhrifin á Íslandi munu verða lækkandi verðlag og voru þeir viðmælendur sem höfundur tók viðtal við sammála því. Einnig töldu viðmælendur að rekstarumhverfi fyrirtækja í ferðapjónustu myndi batna til muna ásamt því að ímynd Íslands myndi hugsanlega batna og traust til landsins aukast. Ferðamönnum til Íslands ætti að fjölga í kjölfar upptöku evru þá ekki síst vegna auðveldari ferðamáta og betra gegnsæi í verðlagi.

Þessi ritgerð er unnin af undirrituðum til BA-náms í Hagfræði, heimspeki og stjórnmálafræði við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst

---

Georg Heiðar Ómarsson

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Aðferðafræði .....	3
Evran og ferðapjónustan .....	4
Slóvenía og evran .....	6
Ungverjaland og evran .....	8
Gistinætur á Íslandi og evran .....	10
Viðtöl .....	18
Upptaka evru – jákvæð eða neikvæð áhrif?.....	18
Ísland – dýrt eða ódýrt ferðamannaland?.....	19
Samkeppnisstaða – ímynd – traust .....	21
Upptaka evru – með eða á móti? .....	23
Niðurstöður viðtala .....	24
Niðurstöður .....	26
Heimildir .....	28
Viðauki A – viðtal við Hjört Árnason.....	31
Viðauki B – viðtal við Kristján Daníelsson.....	35
Viðauki C – viðtal við Kristófer Oliversson.....	39
Viðauki D – viðtal við Ernu Hauksdóttir.....	45

## Tölur

Tafla 1 - Gistinætur og gestakomur á hótélum eftir mánuði 2002-2009.....	11
Tafla 2 - Verð á evru á mánuði 2002-2009.....	12
Tafla 3 - Verð á evru.....	13
Tafla 4 - Fjöldi gistinguþátta.....	13
Tafla 5 - Samanburður.....	14
Tafla 6 - Gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum í millj. króna.....	15
Tafla 7 - Tekjur í millj. evra.....	15
Tafla 8 - Erlendir ferðamenn frá Keflavíkurlugvelli, fjöldi.....	16
Tafla 9 - Erlendir ferðamenn til Íslands eftir markaðsvæðum.....	17

## Inngangur

Ferðaþjónusta á Íslandi er vaxandi atvinnugrein sem gæti falið í sér gríðarleg tækifæri fyrir efnahag Íslands. Aukning innan ferðaþjónustunnar hefur bæði átt sér stað í gistinóttum ferðamanna og gjaldeyristekjum sem af þeim er haft. Samhliða þessari aukningu á komu ferðamanna til landsins hefur ferðaþjónustan vaxið sem atvinnugrein og hafa nú hótél sprottið upp víðs vegar um landið þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar bankakerfi Íslands stóð sem hæst var umfjöllun um upptöku evru mikið á vörum manna og kom þrýstingur á stjórnvöld um að skipta út íslensku krónunni sem gjaldmiðli fyrir evruna (Eiríkur Bergmann, 2006). Þessi skipting átti að hafa jákvæð áhrif fyrir bankakerfi landsins og styrkja stöðu fjármálafyrirtækja og annarra fyrirtækja á alþjóða markaði (Eiríkur Bergmann, 2006). Eftir að bankakerfið hrundi og dró með sér fjármálakerfi landsins hefur umræðan um upptöku evrunnar verið enn háværi en áður. Því er það áhugavert málefni að skoða hver yrðu möguleg áhrif upptöku evru á eina af mest vaxandi atvinnugreinum Íslands, ferðaþjónustuna.

Þessi umræða hefur verið stöðug meðal aðila innan ferðaþjónustunnar og einnig hafa verið gerðar viðhorfskannanir um hvort aðilar innan ferðaþjónustunnar séu hlyntir upptöku eða ekki (HRM, 2008). Nú þegar íslenska krónan hefur fallið gríðarlega í verði telja margir að ferðaþjónustan muni hagnast gríðarlega á því og að aðkoma ferðamanna muni aukast enn frekar. Hins vegar þegar krónan var upp á sitt besta var engu að síður aukning á gistinóttum landsins og spurningin er ef evran væri hér gjaldmiðill í notkun myndi það hafa einhver áhrif á gistinætur landsins og ferðaþjónustuna í heild?

Til þess að sjá það í samhengi þarf að skoða rannsóknir sem hafa verið gerðar fyrir önnur lönd. Einnig þarf að skoða kenningar sem settar hafa verið fram um efnið og bera þær saman við þessar rannsóknir. Svo þarf að skoða gengi evru gagnvart íslensku krónunni í samhengi við fjölda gistinóttanna frá ári til árs ásamt því að taka þarf tillit til gjaldeyristekna af erlendum ferðamönnum. Einnig voru viðhorf og skoðanir aðila innan ferðaþjónustu landsins skoðuð og hvað þeir telja að áhrifin af upptöku evru gætu mögulega verið. Þegar þessir hlutir er settir í samhengi ætti að vera hægt að varpa ljósi á hver möguleg áhrif upptöku evru á íslensku ferðaþjónustu verða.

Það eru skiptar skoðanir á því hver áhrifin á ferðaþjónustu landa eru þegar skipt er í evru. Það eru ákveðnar forsendur sem hafa áhrif á hver áhrifin eru. Ein helsta forsenda er hvort landið er álitid dýrt eða ódýrt land. Aðrar forsendur eru t.d. ímynd og traust landsins bæði sem ferðamannastaður og einnig sú ímynd og traust sem landið hefur í heildina. Áhrifin af upptöku evru geta því bæði verið



uppbyggjandi og skaðleg. Ísland er í mikilli sérstöðu eins og staðan er í dag því landið er ódýrt í dag en hefur verið og er jafnvel enn álitíð dýrt. Evran er túlkuð að mörgum sem sameiginlegt evrópskt einkenni og því er upptaka hennar skref nær því að bindast þessu einkenni. Einnig hverfur vandamálið með afgangi peninga þ.e. myntpeninga sem ferðamenn fá ekki skipt eftir þeir koma heim úr ferðalaginu. Meiri stöðugleiki fæst í peninga ferðamannsins og þannig færast aukið gegnsæi í verðlag. Evran mun draga úr hagsveiflum og koma á mun meiri stöðugleika í rekstrarumhverfið. Svo er það hugmyndin um verðlag. Það eru skiptar skoðanir á því hvort verðlag almennt hækki við upptöku evru eða ekki. Það eru meiri líkur á því að hér muni upptakan fela í sér verðlækkanir þá sérstaklega á landbúnaðarvörum.

Rannsóknarferlið má skipta í nokkur þrep. Fyrst var rannsóknarefni valið og rannsóknaráætlun mótuð þar sem fram kom tilgangur og markmið skýrslunnar. Markmiðið skýrslunnar var að kanna möguleg áhrif upptöku evru á ferðaþjónustu Íslands. Þar með hófst heimildaöflun meðal annars um áhrif upptöku evru á önnur lönd. Því næst voru tvær rannsóknir sem vöktu athygli rannsakaðar. Niðurstöður úr þessum rannsóknum svo kynntar og bornar saman við fyrri kenningar og rit. Næst var að bera saman fjölda og aukningu í gistingu á landinu voru við gengi evru gagnvart íslensku krónunni. Einnig voru gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum teknar inn í myndina. Þessi gögn voru svo metin og unnið úr þeim á skipulegan og skilmerkilegan hátt.

Næsta skref var að skoða íslenskan markað og því voru tekin viðtöl við aðila innan íslensku ferðaþjónustunnar. Markmið þessara rannsókna var að kanna hvað þessir aðilar teldu möguleg áhrif upptöku evru yrðu fyrir ferðaþjónustu landsins. Útkoma þessa eiginlegu rannsókna var svo kynnt og niðurstöður settar saman. Svo hófst umfjöllun um niðurstöður og reynt var að komast að útkomu um möguleg áhrif upptöku evru á ferðaþjónustu landsins.

## Aðferðafræði

Við vinnslu þessa verkefnis notaðist höfundur við eigindlegar rannsóknaraðferðir, auk annarra heimilda t.d. önnur rit og skýrslur. Viðtöl voru tekin við aðila innan ferðaþjónustu Íslands. Höfundur reyndi að ná til sem mestum upplýsingum frá hverjum og einum viðmælenda með því að móta spurningarnar sérstaklega að hverjum viðmælenda. Þrátt fyrir það var reynt að hafa spurningarnar eins staðlaðar og hægt var til að hægt væri að byggja upp ákveðna beinagrind úr svörum viðmælenda. Auðvitað voru viðtölin látin þróast áfram eftir gangi mála og viðmælendur höfðu einnig tækifæri á að bæta við atriðum þar sem þeir töldu nauðsynlegt.

Viðmælendur voru valdir vegna stöðu sinnar og hvert þeirra hlutverk er innan ferðaþjónustunnar. Höfundur takmarkaði viðtölin við hótélrekstur en ástæðan fyrir því er að gistinætur eru notaðar sem viðmið í skýrslunni. Viðtal var tekið við hótélstjóra og eiganda lítils hótels, stórs hótels og eigenda hótélkeðju ásamt því að viðtal var tekið við framkvæmdastjóra Samtaka Atvinnurekenda í Ferðaþjónustu. Viðtölin sjálf voru á milli 20-30 mínútur hvert fyrir sig.

Sú ákvörðun að byggja rannsóknina á viðtölum var valin vegna þess að höfundur taldi að með þeirri aðferð næðist meiri dýpt í rannsóknina en með meginlegri aðferð. Viðmælendur fengu frelsi til að tjá sig og koma sýnum hugmyndum að án afmarkanna. Einnig taldi höfundur að rannsóknin yrði bæði persónulegri og skýrari með eiginlegri rannsókn en með meginlegri. Helstu ókostir viðtalanna voru að þau voru takmörkuð við hótélrekstur. Þrátt fyrir það taldi höfundur sig fá góðar upplýsingar um mögleg áhrif upptöku evru á ferðaþjónustuna í heild sinni.

Það reyndist fremur auðvelt að fá viðtöl við þá viðmælendur sem sóst var eftir. Allir viðmælendurnir voru afar hjálpsamir og viljugir til að aðstoða við verkefnið. Hins vegar voru viðmælendur ekki nema fjórir og því er erfitt að alhæfa þær upplýsingar sem koma fram í viðtölum fyrir ferðaþjónustuna í heild þó svo að skýrslan gefur gott innsýn í viðfangsefnið sem er þó afar flókið. Einnig skal tekið fram að viðfangsefnið er um framtíðina. Því er erfitt að fullyrða en rannsóknin gefur ákveðin skilning sem hægt er að notast við og spá fyrir um hver möguleg útkoma yrði. Höfundur reyndi að draga fram þær upplýsingar sem varpa ljósi á rannsóknarspurninga. Slíkt krafðist skilnings og varfærni en gaf mikilvægar upplýsingar að lokum.

## Evrán og ferðapjónustan

Ferðamannaiðnaðurinn er einn stærsti og umsvifamesti iðnaður í heimi. Hann fer ört vaxandi og er talið að hann muni halda áfram að vaxa hratt í framtíðinni (Bardgett, 2000). Ef núverandi aðildarríki Evrópusambandsins eru álitin eitt ríki eru þau það ríki sem flestir ferðamenn sækja árlega. Næst þar á eftir koma Bandaríkin (Rátz og Hinek, 2005). Þrátt fyrir það fellst styrkur Evrópu í því að aðildarlöndin eru álitin sitthvort landið, eins og þau eru auðvitað, en ekki eins og Bandaríkin sem er eitt ríki og er álitid sem slíkt.

Evrán er alþjóðlegur gjaldmiðill sem tekinn var í notkun árið 1999 en þá einungis sem reiknings eining. Myntin sem slík var ekki tekin í notkun fyrr en 2002 og þá af tólf aðildarríkjum Evrópusambandsins. Frá og með 1. janúar 2009 voru ríkin orðinn 16 sem nota evruna sem gjaldmiðil. Reyndar nota þrjú ríki evruna í viðbót, Mónakó, Vatíkanið og San Marínó, en þá samhliða þeirra eigin gjaldmiðli (Euro Countries, 2009). Sumir telja að þessi þróun í átt að sameiginlegum gjaldmiðli í Evrópu sé stórt skref í áttina að frekari Evrópuvæðingu. Slíkt verður að teljast líklegt því einn gjaldmiðill er ekki einungis sameiginlegur greiðslumáti fyrir Evrópubúa heldur einnig sameiginlegt evrópskt einkenni. Þetta sameiginlega evrópska einkenni mun leggja sitt af mörkum fyrir ferðaiðnaðinn í Evrópu (Leu, 1998). Eitt er víst að á þeim stutta tíma sem evran hefur verið í notkun hefur hún haft veruleg áhrif á peningamál þá sérstaklega fjármálamarkaði (Allen og Song, 2005). Evran mun draga úr hagsveiflum í hagkerfinu en það eru einmitt þessar sveiflur sem valda helst vandamálum innan myntsvæða (Eiríkur Bergmann og Jón Þór Sturluson, 2008). Það er þó nánast ómögulegt að gera sér fulla grein fyrir þeim breytingum sem evran mun hafa á ferðamannaiðnaðinn þegar til langs tíma er litið. Evran mun styrkja ferðapjónustu þeirra landa sem nota gjaldmiðilinn og ýta undir aðkomu ferðamanna til landsins (Rátz og Puczkó, 1999).

Talið er að evran sé öflugt tæki til þess að bæta núverandi hefðir og vinnuaðferðir í evrópskum ferðaiðnaði (Marques, 1998). Á meðal þeirra kosta sem evran hefur fyrir ferðapjónustuna eru að hún gerir fólki auðveldar með að ferðast. Einn gjaldmiðill gerir það að verkum að fólk þarf ekki að skipta peningum eða borga gengiskostnað. Sýnt hefur verið fram á það að ferðamaður sem ferðaðist innan Evrópu áður en evran var tekinn upp gat tapað allt að tveimur þriðju af virði peninganna sinna einungis á kostnaði við skipti á gjaldmiðlum. Mögulegt var að tapa þessari upphæð án þess að kaupa einn einasta hlut (Rátz og Hinek, 2005). Innan evrulandanna hefur þessum kostnaði verið útrýmt og utanaðkomandi ferðamenn þurfa einungis að skipta einu sinni um gjaldmiðil til að ferðast innan landanna. Einnig er gengistap/hagnaði útrýmt innan evrusvæðisins og mun meiri stöðugleiki fæst í peninga ferðamannsins. Þessi stöðugleiki lýsir sér t.d. í verðlagi en mun meira gegnsæi fæst í verðlag innan evrusvæðisins en milli landa með mismunandi gjaldmiðil. Ferðamenn vita nákvæmlega hvað

þeir fá fyrir peningana sína og geta metið virði hluta að fullu. Einnig hverfur vandamálið um afgang þ.e. þeir peningar sem fólk kemur aftur með heim með sér úr ferðalögum sem fæst ekki skipt eða tekur því ekki að skipta (European Commission, 2007). Þessi hverfandi vandamál með aukakostnað fyrir ferðamanninn mun koma sér vel fyrir ferðabjónustuna þar sem hún er verulega viðkvæm fyrir verðlagi. Ferðalög eru munaður og því er fólk gríðarlega meðvitað um hversu mikið það er tilbúið að greiða fyrir ferðalög. Hugsanleg upptaka evrunnar á Íslandi ásamt aðild landsins að Evrópusambandinu myndi fela í sér talsverða lækkun á verðlagi á vörum þá sérstaklega landbúnaðarvörum. Reynsla annarra þjóða er að það má fastlega búast við þessari lækkun (Eiríkur Bergmann og Jón Þór Sturluson, 2008).

Þó svo að innan evrusvæðisins sé sami gjaldmiðill má ekki ætla að það muni verða sama verð innan þessara ríkja vegna mismunandi aðstæðna innan ríkjanna t.d. kostnaðar á vinnuafli (Socher, 1999). Hins vegar eru skiptar skoðanir um þetta en alþjóðafyrirtæki eru undir miklum þrýstingi um að setja fram sama verð innan evrusvæðisins og því er tímabil verðmismunar búið innan Evrópu (Keller, 1998). Engin leið er að dæma þetta á þessum stutta tíma sem evran hefur verið í notkun en væntanlega mun tíminn leiða þessar kenningar í ljós.

Kenningar um hækkun verðlags hjá þeim löndum sem hafa tekið upp evruna hafa verið settar fram. Rannsóknir sem settar hafa verið fram af Eurostat sýna að verðhækkun tengt breytingum úr gjaldmiðlum yfir í evruna árið 2002 voru á bilinu 0,12% til 0,29% samanborið við 2,9% verðbólgu en áhrifin voru mest á tímabilinu desember 2001 og janúar 2002. Þessar rannsóknir gera því lítið úr kenningum um hækkun verðlags. Hins vegar sýndu rannsóknirnar einnig fram á að það hefði farið fram hækkun verðlags innan ákveðinna geira eins og veitingastaða, kaffihúsa, hárgreiðslustofa og fleira (Euro-indicators, 2003). Aðrar rannsóknir sýndu fram á að breytingin yfir í evru hefði haft veruleg áhrif á verðhækkunir til skemmri tíma aðallega innan ferðaiðnaðarins og smásölnunnar vegna þess að verð væru námunduð upp á við breytinguna (Folkertsma, Renselaar og Stokman, 2002).

Verðhækkunir geta komið sér illa fyrir mörg ríki sem treysta á að vera álitin ódýr. Áður en evran var tekinn upp gátu ríki nýtt sér að fella gengi eigin gjaldmiðils til að bæta samkeppnisaðstöðu sína. Slíkt er auðvitað ekki mögulegt innan evrusvæðisins (Keller, 1998; Weber, 1998). Ríki eins og Spánn og Portúgal sem eru sérstaklega háð ferðamannaiðnaði geta tapað samkeppnishæfni þegar þau geta lengur fellt eigin gengi eigin gjaldmiðils. Það geta hins vegar lönd eins og Tyrkland (Wallegghem, 1998).

Ríki eru oft flokkuð sem ódýr ferðamannalönd eða dýr ferðamannalönd (Erna Hauksdóttir, 2009). Eins og áður hefur komið fram er ferðaiðnaður mjög viðkvæmur breytingum á verðlagi. Þá er mikilvægt fyrir þau ríki sem eru flokkuð sem ódýrir ferðastaðir að halda hækkunum á verðlagi í lágmarki. Slíkt var hægt með gengisstýringu en eftir upptöku evru er slíkur möguleiki ekki lengur fyrir

hendi. Eftir að Spánn tók upp evruna sýndu rannsóknir fram á það að ferðafjöldi til Tenerife minnkaði (Kanada, 2003). Rannsóknirnar sýndu fram á að verðlækkunir voru ástæðan og hafði það að gera með að Spánn var álitid ódýr ferðamannastaður (Kanada, 2003). Þvert á móti sýndu rannsóknir Kanada fram á það að ferðamannastraumur blómstraði í Þýskalandi en Þýskaland er álitid dýr ferðamannastaður. Því gæti hugsast að með upptöku evrunnar myndu breytingarnar í ferðaðjónustunni verða þannig að dýrari ferðamannastaðir myndu hagnast á upptöku evrunnar en ódýrari ferðamannastaðir myndu þá þjást vegna upptöku evrunnar. Einnig að ódýrir ferðamannastaðir utan evrusvæðisins hefðu góða samkeppnisstöðu gagnvart ódýrum ferðamannastöðum innan evrusvæðisins (Bahar og Kozak, 2006; Bojnec og Rudez, 2008). Rök voru færð fyrir því að þessi þrýstingur á samkeppnisstöðu á ríki innan evrusvæðisins myndi þrýsta á verðlækkunir og þá sérstaklega fyrir ríki sem þóttu dýr fyrir. Betra gegnsæi á verðlagi innan evrusvæðisins myndi gera ferðamönnum auðveldara fyrir að meta verðlag og því myndi pressa myndast á verðlækkunir (Jenkins, 2008). Rannsóknir sem gerðar voru árið 2004 fyrir hin tólf evruríki sýndu að það hefði orðið mikil aukning í ferðamannaströumi og að upptaka evrunnar hefði mikil og jákvæð áhrif á ferðaðjónustuna (Gil-Pareja, Llorca-Vivero og Martínez-Serrano, 2007). Þrátt fyrir að flestir séu sammála um að evran hafi mikil áhrif á ferðaðjónustuna eru fremur fáar rannsóknir til sem skoða sambandið þarna á milli samanborið við aðra atvinnuvegi eins og fjármálageirann. Það er þó aukning í slíkum rannsóknum og því það bætist ört í hóp þeirra landa sem vilja eða ætla að taka upp evruna sem gjaldmiðil.

## Slóvenía og evran

Slóvenía tók upp evruna þann fyrsta janúar árið 2007. Helena Nemec Rudez og Stefan Bojnec gerðu rannsókn um áhrif upptöku evrunnar á ferðaðjónustuna í Slóveníu. Rannsókn var gerð til að kanna hver áhrifin á upptöku evruna væru í raun og á ferðaðjónustuna í Slóveníu.

Ferðaðjónustan í Slóveníu er ekki ósvipuð og á Íslandi. Hún byggist mikið upp á fallegu landslagi og menningu landsins. Ferðamenn sem koma til Slóveníu koma þangað til að skoða landið. Ferðaðjónustan í landinu er ört vaxandi atvinnugrein sem telur um átta prósent af vergri landsframleiðslu (ETN, 2007). Þegar evran var tekinn upp sem gjaldmiðill í landinu árið 2007 höfðu margir áhyggjur af því að hún hefði neikvæð áhrif á þennan vaxandi iðnað. Helstu rök fyrir því væru að Slóvenía væri talið ódýrt land og myndi upptaka evrunnar ekki einungis hækka verðlag í landinu og þar af leiðandi draga úr samkeppnisstöðu ferðaðjónustu landsins. Andstæðingar þessara raka voru fylgjendur evrunnar sem töldu að upptaka evrunnar myndi bæta samkeppnisstöðu landsins og myndi ein og sér vera ákveðin auglýsing fyrir landið og ferðaiðnað þess. Slóvenía tók við forsetaembætti

Evrópusambandsins árið 2008. Á meðan þeir gegndu embættinu reyndu Slóvenar að nýta sér til fulls að kynna ferðapjónustuna og margir voru fullvissir um að hafa evruna sem gjaldmiðil gerði það mun auðveldara og árangursríkara (See News, 2008). Ferðamálastjóri Slóveníu, Dimitrij Piciga, sagði að það væri mikil aukning í þekkingu og vitund á Slóveníu sem landi þá sérstaklega í Evrópu og að evran ætti sinn þátt í því (ETN, 2007).

Slóvenar skiptu út sínum gjaldmiðli sínum „Tolar“ fyrir evruna á einum degi. Þeir fóru ekki í það ferli sem hin upprunalega upptaka á evrunni var þ.e. að taka gjaldmiðilinn inn sem rafrænan gjaldmiðill fyrst og skipta svo peningum í umferð út seinna. Þann 31 desember undirbjuggu Slóvenar sig fyrir svokallaða „big-bang“ skiptingu en hún felur í sér að á einum degi er gjaldmiðlinum skipt út fyrir evruna. Þann 1. janúar 2007 var evran kominn í allar verslanir en hægt var að greiða með Slóvenskum Tólar en fengu evru tilbaka. Þetta gekk á í 14 daga en eftir 14. janúar þá varð að fara með Tólarinn í banka til að fá honum skipt. Þessi skipting gekk gríðarlega vel í Slóveníu og þykir „big-bang“ skiptingin mun betri en sú sem hafði verið notuð hjá hinum tólf upphaflegu evrulöndum (Europa, 2007).

Í rannsókn Bojnec og Rudez (2008) var þýðið ferðamenn sem komu til Slóveníu seinni hluta ársins 2007. Rannsóknin var megindleg rannsókn skipt í tvo hluta. Fyrri hlutinn var byggður upp á Likert skalanum og voru spurningarnar settur upp þar sem svarendur höfðu eftirfarandi fimm valmöguleika „mjög sammála“ „sammála“ og svo framvegis. Seinni hlutinn var til að komast að einkennum svarenda t.d. aldur, kyn og þjóðerni. Spurningalistum var dreift á ferðamenn af handahófi og þeir látnir svara þeim. Spurningarlistarnir voru þýddir á mismunandi tungumál til að höfða til sem flestra þjóðerna. 139 nothæfir spurningarlistar komu út úr könnuninni. Þrátt fyrir að þýðið sé lítið var könnunin að fullu marktæk samkvæmt höfundum skýrslunnar. Rannsóknin fór fram á helstu ferðamannastöðum Slóveníu.

Könnunin miðaði að fjórum hliðum þ.e. útliti, kostnaði, verðlagi og samanburði. Helstu niðurstöður voru þær að Slóvenía þótti meira aðlaðandi fyrir ferðamenn eftir upptöku evru og ímynd landsins var einnig betri. Margir töldu að evran hefði jákvæð áhrif á vinsældir Slóveníu sem ferðamannalands og myndi ýta undir ferðalög til landsins. Varðandi kostnað þá hafði upptakan jákvæð áhrif á ferðakostnað og einnig tímamann sem fór í skipulagningu ferðalagsins. Það þótti líka auðveldara að ferðast til landsins vegna evrunnar. Verðlag þótti hins vegar mun dýrara en áður þá sérstaklega meðal erlendra ferðamanna og mun dýrara í samanburði við lönd sem ekki voru með evruna. Þessi samanburður þótti mun auðveldari en áður og beinn samanburður við önnur evrulönd þótti sérstaklega auðveldari. Einnig kom fram að samanburður á ferðapjónustu landa í heild sinni var bæði auðveldari og þægilegri hjá þeim löndum sem væru með evru þó svo að löndin fengju ekkert meiri

þokka en þau höfðu áður. Þrátt fyrir það töpuðu evrulöndin ekki þokka sínum heldur (Bojnec og Rudez, 2008).

Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar eru fleiri jákvæðir punktar en neikvæðir um áhrif evrunnar á ferðaþjónustuna. Helstu neikvæðu áhrifin eru hækkandi verðlag en hversu sterk þessi áhrif eru mun einungis tíminn leiða í ljós fyrir ferðaiðnaðinn í Slóveníu. Reynsla Slóveníu af evrunni er stutt og takmörkuð og því hafa þau áhrif sem e.t.v. koma í kjölfar upptöku evru ekki enn komið í ljós að fullu. Þrátt fyrir það gefur þessi rannsókn ágætis mynd af því hver þessi áhrif eru og munu koma til með að verða. Hversu sterk áhrifin verða er hins vegar óljóst (Bojnec og Rudez, 2008). Það má þó draga margar ályktanir af rannsókninni í samanburði við Ísland því eiginleikar ferðaþjónustu landanna eru á margann hátt svipaðir. Löndin hafa bæði vaxandi ferðaþjónustu sem byggist að stórum hluta upp á landslagi. Því er þessi rannsókn að mörgu leiti góð ábending á hvaða áhrif upptaka evru gæti haft á íslenska ferðaþjónustu. Það skal þó vera tekið inn í myndina að þó eiginleikar ferðaþjónustunnar eru svipaðir þá þýðir það ekki endilega að sá hópur ferðamanna sem sækir landið sé sá sami eða jafnvel svipaður. Hvaða hópur ferðamanna sækir Slóveníu kemur ekki fram í rannsókn Bojnec og Rudez né koma þær upplýsingar fram um íslenska ferðamenn í þessari skýrslu.

## Ungverjaland og evran

Tamara Rátz og Mátyás Hinek (2005) gerðu rannsókn til að kanna áhrif upptöku evru á ferðaþjónustuna í Ungverjalandi. Ungverjaland er enn í dag með sinn eigin gjaldmiðil þ.e. forint en það stendur til að taka upp evru sem gjaldmiðil árið 2010. Margir eru smeykir upptöku evrunnar innan ferðaþjónustunnar þar sem Ungverjaland er talið ódýrt land. Upptakan gæti falið í sér verðhækkningar og þar af leiðandi dregið úr samkeppnisstöðu Ungverjalands sem ferðamannastaðar (Rátz og Hinek, 2005).

Ferðaiðnaðurinn í landinu hefur verið fremur óstöðugur undanfarin ár en ferðamönnum til landsins fækkaði verulega árin 2001-2004. Frá og með 2004 hefur verið ferðaþjónustan aftur verið að sækja í sig veðrið. Þess má geta að Ungverjaland gekk í Evrópusambandið árið 2004. Um það bil 80-85 prósent af ferðamönnum sem koma til Ungverjalands koma frá Evrópu og Ungverjar ferðast til Evrópulanda í svipuðu hlutfalli (Rátz og Hinek, 2005).

Rannsókn Rátz og Hinek var með örðuvísi sniði en sú sem Rudez og Bojnec gerðu fyrir Slóveníu en þýðið var ungverskir ferðamenn sem ferðuðust bæði innanlands sem og til annarra landa ásamt erlendum ferðamönnum sem ferðuðust til Ungverjalands. Notast var við meginlega rannsókn og spurningarlistum dreift út og þeim svarað. Útkoma rannsóknarinnar var fengin frá þessum

spurningarlistum en 1010 eintökum var dreift. Meginhugmyndin rannsóknarinnar var að varpa ljósi á viðhorf hins ungverska ferðamanns gagnvart einum gjaldmiðli og hvaða áhrif það hefði á ferðabjónustu. Einnig var markmiðið að skoða viðhorf, reynslu og sýn þeirra ferðamanna sem koma til Ungverjalands í tengslum við verðlag og gæði ferðabjónustunnar.

Rannsóknin byggðist upp á fimm fyrirfram settum fullyrðingum og svo yrðu þær að standast eða falla samkvæmt útkomu spurninganna. Kenningarnar voru eftirfarandi:

*H1. Að ferðast innan Evrópu hefur orðið auðveldara síðan evran tók við sem gjaldmiðill – **Stóð***

*H2. Evran leiðir til aukinnar samkeppni innan ferðabjónustunnar í Evrópu - **Féll***

*H3. Til skamms tíma, leiðir evran til verðhækkana í Evrópu. - **Féll***

*H4. Til langs tíma, leiðir evran til verðlækkana í Evrópu - **Féll***

*H5. Áhrif evrunnar á ferðabjónustuna í Evrópu eru álitin jákvæð af ungverskum ferðamönnum – **Féll***

Eins og kemur fram hér að ofan féllu fjórar af fimm fullyrðingar sem settar voru fram. Það sem kom kannski mest á óvart er að H3 skuli falla. Margir hafa haldið því fram að verðhækkningar fylgi í kjölfar upptöku evrunnar og það var einnig niðurstaðan í rannsókn Rudez og Bojnec um Slóveníu. Sú kenning fellur hins vegar samkvæmt þessari rannsókn og er það nokkurn veginn í samræmi við niðurstöðurnar frá Eurostat. H1 fullyrðingin stendur sterk því hún hefur staðist í báðum þessum rannsóknum og hefur verið haldið fram af fjölda manns, evran auðveldar ferðamátann! Hins vegar leiðir evran ekki til verðlækkana þegar til lengri tíma er litið né er upptakan litinn jákvæðum augum samkvæmt rannsóknum Rátz og Hinek.

Það er væntanlega áhrifamesta útkoma þessara rannsókna að fella fullyrðingarnar um hækkandi verðlag. Þessar fullyrðingar hafa verið viðloðandi upptöku evru alveg frá upphafi og þá sérstaklega þegar ódýr lönd eiga í hlut. Þar sem Ungverjaland telst ódýrt land kemur þetta ekki síst á óvart að útkoma skuli vera sem hún er þ.e. að upptaka evru hafi í raun engin áhrif á verðlag. Þessi rannsókn er þó ekki tæmandi og er takmörkuð á þann máta að reynsla margra ungverskra svarenda af evrunni má ætla að sé takmörkuð líkt og reynsla margar íslendinga er af evrunni. Til að öðlast þessa reynslu þurfa aðilar að hafa ferðast til evrulanda og á milli evrulanda. Þannig er best hægt að dæma hvernig evran hefur áhrif á ferðamanninn. Einnig væri best ef menn hefðu reynslu á því að ferðast bæði til landanna bæði fyrir upptöku evru og eftir. Þessar upplýsingar eru ekki fyrir hendi í þessari rannsókn því erfitt að dæma þekkingu svarenda til hins ýtrasta.



## Gistinætur á Íslandi og evran

Áhrif af verðlagi evru gagnvart krónu er eitthvað sem hugsanlega hefur áhrif á aðkomu ferðamanna til Íslands. Það eru nokkrar leiðir til að mæla fjölda ferðamanna sem komu til Íslands á hverju ári. Ein leið er að skoða fjölda gistinóttanna á landinu. Önnur leið er að skoða fjölda ferðamanna sem fóru í gengum Keflavíkurflugvöll. Einnig er hægt að skoða tekjur af erlendum ferðamönnum og átta sig þannig á hverjar tekjurnar eru af þeim ferðamönnum sem komu til landsins eru. Hér munum við skoða alla þessa þætti en hins vegar mun þessi skýrsla leggja áherslu á gistinætur og samband þeirra við verðlag evru gagnvart íslensku krónunni. Ástæðan fyrir því að gistinætur er valdar eru vegna þess að skýrsluhöfundur telur þær góðan mælikvarða og hefur umræðan um fjölda gistinóttanna verið mikið í fjölmiðlum undanfarin ár.

Til þess að geta áttað sig á hvert samband styrkleika evrunnar gagnvart krónunni og komum ferðamanna til landsins er hægt að bera saman meðalgengi evrunnar það árið og fjölda gistinóttanna sama ár. Einnig er gott að skoða þetta í samhengi við meðalgengi árið áður vegna þess að oft innan ferðapjónustunnar eru samningar við erlendar ferðaskrifstofur um verð oft gerðir árið á undan. Hins vegar eru fjöldi ferðamanna sem koma á eigin vegum og fer þeim hópi fjölgandi (Hjörtur Árnason, 2009). Staða gengis á hverjum tíma fyrir sig ætti því að hafa áhrif á komur þessa ferðamanna og hvert þeir ákveða að ferðast. Hér fyrir neðan sjáum við fjölda gistinóttanna á Íslandi frá árinu 2002-2009 ásamt prósentu fjölgun milli ára.

Gistinætur og gestakomur á hótélum eftir mánuði 2002-2009															
Gistinætur	Alls														
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009							
Janúar	31413	30659	-2,4%	32.056	4,6%	35.960	12,2%	40.382	12,3%	50.981	26,2%	58.449	14,6%	54.771	-6,3%
Febrúar	47.092	45.938	-2,5%	53.651	16,8%	53.027	-1,2%	55.885	5,4%	65.645	17,5%	77.603	18,2%	72.910	-6,0%
Mars	62.937	63.816	1,4%	68.071	6,7%	65.189	-4,2%	73.678	13,0%	88.129	19,6%	82.953	-5,9%	84.653	2,0%
Apríl	58.374	65.719	12,6%	71.422	8,7%	77.276	8,2%	80.067	3,6%	90.229	12,7%	91.809	1,8%	92.144	0,4%
Mai	69.599	79.739	14,6%	82.547	3,5%	87.234	5,7%	101.453	16,3%	117.469	15,8%	117.925	0,4%	117.043	-0,7%
Júní	97.894	100.570	2,7%	113.295	12,7%	123.921	9,4%	132.790	7,2%	156.313	17,7%	155.799	-0,3%	147.865	-5,1%
Júlí	119.027	127.905	7,5%	153.218	19,8%	158.012	3,1%	177.833	12,5%	196.805	10,7%	202.158	2,7%	203.413	0,6%
Ágúst	112.983	133.163	17,9%	138.251	3,8%	154.146	11,5%	163.795	6,3%	186.146	13,6%	190.488	2,3%	205.085	7,7%
September	70.735	77.931	10,2%	81.919	5,1%	93.929	14,7%	116.116	23,6%	120.655	3,9%	122.446	1,5%	120.508	-1,6%
Október	58.228	78.470	34,8%	84.043	7,1%	86.643	3,1%	97.900	13,0%	108.791	11,1%	103.912	-4,5%	106.268	2,3%
Nóvember	45.753	50.754	10,9%	53.070	4,6%	57.449	8,3%	72.432	26,1%	75.919	4,8%	77.495	2,1%	71.823	-7,3%
Desember	28.316	34.722	22,6%	37.361	7,6%	42.299	13,2%	53.622	26,8%	53.637	0,03%	58.869	9,8%	***	***
Samtals	802.351	889.386	10,8%	968.904	8,9%	1.035.085	6,8%	1.165.953	12,6%	1.310.719	12,42%	1.339.906	2,2%	1.276.483	


Tafla.1 - Heimild: Hagstofa Íslands

Eins og sést á töflunni fyrir ofan þá hefur verið gríðarleg aukning í gistingu á hótélum landsins undanfarnin ár og er aukningin mest árin 2006 og 2007 en þá er hún rúmlega 12%. Aukningin milli árana 2002-2003 er 10,8% en næstu tvö ár dregur svolítið úr aukningunni. Þó er aukningin nokkuð góð en hún fer niður í 6,8% árið 2005. Mikil aukning verður svo í desember 2005 sem heldur út allt árið 2006 og er árið 2006 það ár sem gistingu aukast mest á þessum tímabili í prósentum. Árið 2007 er gríðarleg gott einnig og skal það vera tekið inn í myndina að því fleiri gistingu sem eru því fleiri gistingu þarf til að viðhalda sömu prósentu í aukningu. Hins vegar aukast gistingu mest milli árana 2006 og 2007 eða um 144.766 en milli árana 2005 og 2006 aukast gistingu um 130.868. Árið 2008 dró verulega úr þessari aukningu og var aukningin ekki nema 2,2%. Þrátt fyrir þennan hægari vöxt var veruleg aukning á erfiðustu mánuðum ferðapjónustunnar þ.e. janúar, febrúar og desember. Árið 2009 virðist ætla að verða svipað árinu 2008 í gistinguafjölda. Til að átta sig á samhengi milli verði á evru og gistingu getum við litið á töfluna fyrir neðan. Taflan sýnir verð á evru í íslenskum krónum á mánuði á árunum 2002-2009.


Verð á evru á mánuði 2002-2009															
EUR	2002		2003		2004		2005		2006		2007		2008		2009
DAGS															
jan.02	90,46	jan.03	84,50	jan.04	87,61	jan.05	82,14	jan.06	74,56	jan.07	91,01	jan.08	94,55	jan.09	164,16
feb.02	88,18	feb.03	83,70	feb.04	86,66	feb.05	80,72	feb.06	76,69	feb.07	88,04	feb.08	98,05	feb.09	145,66
mar.02	87,98	mar.03	84,35	mar.04	87,18	mar.05	79,21	mar.06	83,70	mar.07	88,68	mar.08	111,38	mar.09	149,70
apr.02	86,10	apr.03	83,50	apr.04	87,58	apr.05	80,59	apr.06	91,46	apr.07	88,27	apr.08	116,71	apr.09	167,16
maí.02	84,33	maí.03	84,42	maí.04	88,08	maí.05	82,25	maí.06	91,66	maí.07	85,27	maí.08	116,98	maí.09	172,38
jún.02	85,35	jún.03	86,31	jún.04	87,60	jún.05	79,25	jún.06	94,50	jún.07	84,22	jún.08	123,09	jún.09	177,56
júl.02	84,87	júl.03	87,73	júl.04	87,74	júl.05	78,42	júl.06	94,35	júl.07	83,11	júl.08	123,73	júl.09	179,41
ágú.02	84,16	ágú.03	88,87	ágú.04	87,12	ágú.05	78,34	ágú.06	90,19	ágú.07	88,51	ágú.08	121,95	ágú.09	181,33
sep.02	85,82	sep.03	88,84	sep.04	87,62	sep.05	76,14	sep.06	89,33	sep.07	88,53	sep.08	131,07	sep.09	181,45
okt.02	86,06	okt.03	89,21	okt.04	87,61	okt.05	73,33	okt.06	86,39	okt.07	86,32	okt.08	151,86	okt.09	183,16
nóv.02	86,20	nóv.03	88,70	nóv.04	87,12	nóv.05	72,96	nóv.06	89,15	nóv.07	89,21	nóv.08	172,40	nóv.09	183,69
des.02	85,06	des.03	89,67	des.04	84,07	des.05	75,35	des.06	91,65	des.07	90,71	des.08	166,28	des.09	184,64
<b>Meðaltal</b>	<b>86,20</b>		<b>86,72</b>		<b>87,15</b>		<b>78,14</b>		<b>87,72</b>		<b>87,60</b>		<b>127,46</b>		<b>169,50</b>

Tafla.2 - Heimild: Seðlabanki Íslands

Það er athyglisvert að sjá að hversu stöðug aukningin er á gistinóttum þegar verð á evru er svipað. Í lok ársins 2004 fer krónan að styrkjast gagnvart evrunni og árið 2005 dregur úr aukningu gistinóta. Þarna gæti verið sambandi milli styrkingu krónunnar og minnkun á aukningu gistinóta. Hins vegar ef miðað er einnig við að samningar við ferðaskrifstofur erlendis eru gerðir árið áður en komur þá er krónan veruleg sterk gagnvart evru þegar samningar fyrir 2006 eru gerðir. Samningarnir eru sem sagt gerðir árið 2005 þegar krónan er upp á sitt besta eða vel undir 80 krónum fyrir evruna. Þrátt fyrir það er gríðarleg aukning árið 2006 og í gistinóttum. Það má því setja spurningarmerki við þetta sambandið þarna á milli. Aukningin í gistinóttum heldur áfram árið 2007 en þá er krónan á svipuðum nóttum og hún hafði verið 2002-2004. Svo árið 2008 fer að þrengja á efnahag Íslands og verður það ár á endanum e.t.v. eitt dramatískasta ár í sögu íslensks efnahagslíf. Fjármálakerfi landsins hrynur og gengi krónunnar í hrynur í sambandi við það. Í raun hafði krónan byrjað að falla í lok ársins 2007 og hélt áfram að falla allt árið 2008. Í lok ársins 2008 var gengi krónunnar gagnvart evru 166 krónur. Þrátt fyrir þetta gríðarlega fall á gengi krónunnar var aukning í gistinóttum landsins alls ekkert mikil en hún var sú lægsta í langan tíma eða 2,2%.



Tafla.3



Tafla.4

Ef málið er skoðað frá því sjónarmiði að samningar árið 2007 hafi einhver áhrif á þetta þá hefði átt að koma aukning árið 2009 sem um munar ef eitthver samhengi væri þarna á milli. Svo virðist ekki ætla að vera og má því segja að það sé alls ekkert endilega neitt samhengi á milli gengi krónunnar og gistingu landsins. Það verður þó að taka inn í myndina að þegar gengið er inn í árið 2008 er ekki eingöngu kreppa á Íslandi heldur heimskreppa og því dregur úr ferðalögum allsstaðar. Fólk ferðast minna þegar það hefur minna milli handanna og verður að tengja það við minni aukningu í gistingu á Íslandi. Það má velta fyrir sér hvort það sé ekki bara ágætis árangur hjá íslenskri ferðapjónustu að ná aukningu á gistingu yfir höfuð á slíkum tímum á meðan ferðapjónusta víðs vegar um heiminn dregst saman. Væntanlega hefur gengisfall íslensku krónunnar eitthvað með það að gera.


Það er þó enn einn vinkill á þessum máli og því gistinætur segja ekki alla söguna. Gistinætur segja okkur hversu margar nætur ferðamenn eyða á hótélum og gistiheimilum landsins. Það gefur okkur góða hugmynd um þann fjölda sem hingað kemur og hvaða möguleikar liggja í ferðapjónustu landsins í kjölfarið af því. Hins vegar segir það okkur ekki mikið um hversu mikið þessir ferðamenn eyða af peningum í krónum talið meðan að á dvöl þeirra stendur. Til þess þarf að skoða tekjur af erlendum ferðamönnum? Taflan fyrir neðan sýnir samanburð á aukningu á gistinóttum, tekjur af erlendum ferðamönnum og gengi krónunnar gagnvart evru.

<b>Samanburður</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>
<b>Meðalgengi EUR/ISK</b>	86,20	86,72	87,15	78,14	87,72	87,60	127,46	169,50
<b>Gistinætur</b>	802.351	889.386	968.904	1.035.085	1.165.953	1.310.719	1.339.906	1.276.483
<b>Aukning</b>		10,8%	8,9%	6,8%	12,6%	12,4%	2,2%	(nóv)
<b>Gjaldeyrstekjur af erl. ferðam. (í millj. Króna)</b>	37.137	37.305	39.335	39.760	46.945	50.222	73.061	???
<b>Tekjur í millj. evra</b>	430,82	430,18	451,35	508,83	535,17	573,31	573,21	


Tafla 5 - Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands

Tafla sýnir að það er nokkuð samhengi milli aukningu á gistinóttum og gjaldeyrstekjum af erlendum ferðamönnum. Það þarf þó að skoða þetta samhengi á lengra tímabili en frá ári til árs. Ef samhengið er skoðað á 5 ára tímabili sést að það er mikil tenging á milli aukningar á gistinóttum og gjaldeyrstekjum. Hins vegar ef gjaldeyrstekjurnar eru bornar saman við gengið þá sést kemur í ljós að það er sterkt samhengi á milli gengis og gjaldeyrstekna. Þegar krónan tekur að falla þá verður gríðarlega aukning í gjaldeyrstekjum eins og sést á töflunni hér fyrir ofan og árið 2008 hafa gjaldeyrstekjur nánast tvöfaldast frá árinu 2002. Stökkið á milli 2007 og 2008 er einnig svo gríðarlegt að ekki er hægt að tengja það við neitt annað en gengislækkun krónunnar því ekki er mikil aukning í gistinóttum til að styðja þessa aukningu í gjaldeyrstekjum. Því má ætla að gjaldeyrstekjur fyrir árið 2009 verið hærri en fyrir árið 2008 vegna enn frekari lækkunar á gengi krónunnar og gætu þær jafnvel orðið um 90.000 milljónir króna. Hins vegar er athyglisvert að skoða hverjar

gjaldeyrstekjurnar eru í evrum. Þó svo að það sé gríðarleg aukning í krónum þá er aukningin ekki í evrum.



Tafla.6




Tafla.7

Þetta þýðir að það eru ekkert fleiri evrur að koma til landsins í kjölfar gengislækkunarinnar heldur einungis er aukningin í krónum. Þetta kemur örlítið á óvart og verður spennandi að sjá hvort það verði sama þróun árið 2009 eða hvort það verði aukning á evru í gjaldeyrstekjur.

<b>Erlendir ferðamenn frá Keflavíkurlflugvelli, fjöldi</b>				
	2007	2008	Breyting	
<i>Janúar</i>	18.810	20.289	7,9%	
<i>Febrúar</i>	17.647	20.312	15,1%	
<i>Mars</i>	23.700	25.619	8,1%	
<i>Apríl</i>	27.664	26.085	-5,7%	
<i>Maí</i>	34.256	36.024	5,2%	
<i>Júní</i>	55.727	55.978	0,5%	
<i>Júlí</i>	80.761	81.267	0,6%	
<i>Ágúst</i>	81.271	83.967	3,3%	
<i>September</i>	39.065	43.907	12,4%	
<i>Október</i>	34.175	32.826	-3,9%	
<i>Nóvember</i>	23.109	24.376	5,5%	
<i>Desember</i>	22.184	21.885	-4,1%	
	458.369	472.535	2,9%	

Tafla.8 - Heimild: Hagstofa Íslands

Hér á töflunni að ofan sjáum við komur erlendra ferðamanna frá Keflavíkurlflugvelli en þær eru annar mælikvarði á fjölgun ferðamanna til landsins. Þegar komur á Keflavíkurlflugvelli eru bornar saman við gistinætur sést ákveðið samhengi þarna á milli þó að breytingin sé ekki nákvæmlega eins. Þegar breyting milli ára 2007-2008 er skoðuð í heild sinni þá er 2,2% aukning í gistinóttum en 2,9% aukning á komum ferðamanna á Keflavíkurlflugvelli. Þetta samhengi þarna á milli ætti því að styrkja gistinætur sem mælikvarða á ferðum útlendinga um Ísland.



Tafla.9 - Heimil: Ferðamálastofa Íslands

Myndin hér að ofan sýnir fjölda ferðamanna eftir markaðssvæðum. Eins og sést hér að ofan er Evrópa næst stærsta markaðssvæði erlendra ferðamanna til Íslands eftir Skandinavíu. Þegar átt er við Evrópu er átt við þau lönd önnur Evrópulönd en Skandinavíulönd og Bretland. Mörg af þeim löndum er með evru sem gjaldmiðil. Þar af leiðandi ætti gjaldeyriskostnaður að falla niður fyrir u.þ.b. 1/3 af þeim ferðamönnum sem koma til landsins ef af upptöku evru yrði. Einnig ætti upptakan að auðvelda þessum ferðamönnum að koma til landsins. Það gæti enn fremur aukið ferðamenn til Íslands frá þessu markaðssvæði. Það er því ástæða að ætla að evran myndi fela í sér ákveðna aukningu ferðamanna frá evrusvæðinu. Sú aukning er yrði mikilvæg íslenskri ferðaþjónustu þar sem stór hluti ferðamanna sem leita til landsins eru frá Evrópu.



## Viðtöl

Til að reyna að komast að því hver áhrifin af upptöku evru gætu orðið á ferðaþjónustu landsins þótti við hæfi að kynna sér hvað aðilar innan ferðaþjónustunnar hefðu um málið að segja. Hver yrðu áhrifin að þeirra mati? Til að ná sem til flestra viðhorfa var ákveðið að taka viðtal við: Kristján Daníelsson framkvæmdastjóra Radisson SAS Hótel Saga, Hjört Árnason hóteltjóra á Icelandair Hótel Hamar, Kristófer Oliverson eiganda og rekstaraðila hótélkeðjunnar Centerhotels og Ernu Hauksdóttir framkvæmdastjóra Samtaka Atvinnurekenda í Ferðaþjónustu (SAF). Talið var að þessi hópur myndi geta varpað einhverju ljósi á hver skoðun atvinnurekenda innan ferðaþjónustunnar hefði um hver áhrif upptöku evru yrðu á ferðaþjónustuna.

### Upptaka evru – jákvæð eða neikvæð áhrif?

Fyrsta spurning var „hvort upptaka evru myndi hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á aðkoma ferðamanna til landsins?“. Svörin þeirra voru frekar jákvæð en neikvæð. Kristján Daníelsson sagði:

*Ég hugsa að það myndi ekki hafa neikvæð áhrif. Hvort það myndi hafa jákvæð áhrif fer svolítið eftir því á hvaða gengi íslenska krónan yrði metinn inn í evruna.*

Erna Hauksdóttir taldi að áhrifin hlytu að vera jákvæð þegar til langs tíma er litið. Hún benti á að stór hluti ferðamanna sem koma til landsins eru frá evrusvæðinu. Erna benti einnig á að sveiflan ódýrt eða dýrt Ísland myndi minnka og að það væri betra fyrir ferðaþjónustuna ef það væri meira jafnvægi. Hjörtur Árnason sagði:

*alveg tvímænaust jákvæð áhrif því að það myndi einfalda allt viðmið fyrir erlenda ferðamenn.*

Þau rök sem komu fram oftast og virkuðu þau allra sterkustu voru þau að allur samanburður á verði yrði miklu auðveldari fyrir ferðamanninn og það gæti falið í sér aukningu í komum til landsins. Þessu er Kristófer Oliverson sammála en þrátt fyrir það er hann ekki á því máli að upptaka evru myndi hafa jákvæð áhrif á aðkomu ferðamanna:

*Frá sjónarhóli ferðamannsins þá get ég ekki séð að þetta ætti að breyta verulega miklu fyrir hann*

sagði Kristófer og hélt áfram:

*Ég get ekki séð að það ætti að hafa nokkur áhrif á ferðamennina.*

Kristófer taldi hins vegar að upptakan myndi hafa neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækja innan ferðaþjónustunnar allavega þegar til skamms tíma er litið vegna þess að hann taldi að við þyrftum krónuna til að takast á við þann vanda sem stæði fyrir í dag. Hins vegar þegar til lengri tíma er litið

myndi upptaka evru færú ákveðinn stöðugleika í rekstur fyrirtækja innan ferðaþjónustu. Kristján Daníelsson, Hjörtur Árnason og Erna Hauksdóttir er sammála þessu. Erna hélt áfram og sagði að það væri ómögulegt og að það væri bæði gríðarlega dýrt og erfitt að geta aldrei gert neinar áætlanir fyrir rekstur fyrirtækisins vegna óstöðugleika íslensku krónunnar. Hjörtur Árnason fullyrti að rekstrarumhverfið yrði mun stöðugra þegar baráttan við endalausar gengissveiflur heyrði sögunni til og þá væri loksins hægt að gera viðskiptaáætlun sem eitthvað vit væri í. Kristófer Oliversson sagði:

*Það er ekki hæfni þín í rekstri sem skiptir mestu máli heldur hvernig veðjaðir þú á gjaldeyrir áður en krónan hrundi*

og vísaði þar til þess rekstrarumhverfis sem ríkt hefur fyrir íslenska ferðaþjónustu undanfarin ár. Erna Hauksdóttir tók undir þetta og benti á að ferðaþjónustan þurfi í mörgum tilvikum að gera samninga eitt eða fleiri ár fram í tímann. Því væri stöðugleiki í rekstur kærkominn fyrir ferðaþjónustuna og í raun nauðsynlegur. Bæði Kristófer og Erna bentu á að eftir upptöku evru í Finnlandi hefði verið gerð rannsókn um áhrif upptökunnar á ferðaþjónustu landsins og niðurstöðurnar kynntar á fundi hjá SAF. Útkoman var sú að áhrifin hefðu verið engin í raun fyrir ferðamanninn sjálfan en hins vegar hefðu áhrifin verið veruleg fyrir rekstarfyrirtækin. Upptaka evru hefði fært stöðugleika í reksturinn og gert alla áætlunargerð ekki einungis auðveldari heldur hreinlega mögulega og hefði gefið henni gildi (SAF, 2008).

Það virðast vera skiptar skoðanir á því hvort upptaka evru hefði jákvæð eða neikvæð áhrif á ferðaþjónustu landsins. Kristján Daníelsson og Kristófer Oliversson telja að upptakan hefði hvorki jákvæð né neikvæð áhrif. Erna Hauksdóttir taldi að áhrif myndu verða jákvæð þegar til lengri tíma er litið og Hjörtur Árnason taldi að áhrif yrðu tvímælalaust jákvæð. Hins vegar bentu bæði Erna og Kristófer á reynslu Finnlands þar sem áhrif voru lítil sem engin fyrir ferðamanninn en áhrifin voru verulega jákvæð fyrir rekstur fyrirtækja innan ferðaþjónustunnar. Allir viðmælendur voru sammála því að þegar til lengri tíma er litið myndi upptaka evru hafa jákvæð áhrif á rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu á Íslandi.

## **Ísland – dýrt eða ódýrt ferðamannaland?**

Þegar spurt var hvort Ísland væri talið dýr eða ódýr ferðamannastaður kom í ljós að svarið þótti erfitt, þá einungis vegna þess gengisfalls sem íslenska krónan hefur orðið fyrir. Allir viðmælendur voru sammála því að fyrir hrun krónunnar hafi Ísland verið álitnið dýrt ferðamannaland. Hins vegar skiptust skoðanir örlítið þegar litið var til tímans eftir hrun krónunnar. Hjörtur Árnason sagðist finna það á

sínum gestum að þeir teldu landið vera fremur ódýrt í dag en taldi hins vegar að landið væri þrátt fyrir það talið dýrt land ennþá. Erna Hauksdóttir tók undir þetta og sagði:

*ég held að í augum manna verði Ísland aldrei ódýrt land og við kærum okkur heldur ekkert um það. Við ætlum okkur ekkert að verða ódýrt land.*

Erna hélt áfram og sagði að þrátt fyrir það væri verið að reyna að markaðssetja Ísland á viðráðanlegra verði í dag en áður og þannig reynt að laða ferðamenn til landsins. Kristján Daníelsson taldi að veiking krónunnar sé ekki enn meðvituð staðreynd meðal ferðamanna og að það taki sinn tíma. Því sé landið ennþá álitinn dýr. Kristján sagði þó að hann finni fyrir því hjá gestum sínum að þeim finnist landið ódýrt þegar þeir eru komnir til landsins en að þeir hafi ekki gert sér grein fyrir því fyrr en þeir hafi komið til landsins. Kristófer Oliversson telur að menn séu að upplifa Ísland sem ódýran ferðamannastað í dag og heldur fram að þrátt fyrir þær verðhækkningar sem hafa orðið að á Íslandi sé landið ennþá fremur ódýrt fyrir ferðamanninn. Kristófer heldur áfram:

*við höfum hækkað verðið í krónum en við höfum lækkað verðið í evrum.*

Kristófer sér heldur engin rök fyrir því að verðhækkningar yrðu þó evran yrði tekinn upp á Íslandi. Hann segir:

*það eru engin hagfræðileg eða efnahagsleg rök sem að mæla með að þetta muni ske en sagan segir að þetta geti gerst við þessar aðstæður. Að menn noti tækifærið til verðhækkana*

og vísar hann þar til landa þar sem verðhækkningar hafa átt sér stað við upptöku evru. Hann ítrekar þó að hann sjái enga ástæðu til slíkra hækkana á Íslandi. Kristján Daníelsson tekur í raun undir þetta. Hann vísar þó til þess að það sé mikilvægt að líta til þess að það gengi sem evran yrði tekinn upp á myndi varpa ljósi á hvort til verðhækkana kæmi eða ekki. Kristján benti á að ef Ísland yrði tekið upp á einhverskonar miðgengi eða meðaltal á verði evrunnar undanfarna ára yrði tekið þá:

*værum við í raun að fá afslátt.*

Kristján benti enn fremur á allar þær verðhækkningar sem nú þegar hafa orðið og telur að frekari verðhækkningar myndu ekki eiga sér stað í kjölfar upptöku evru. Erna Hauksdóttir benti einnig á að það gengi sem evran yrði tekinn upp á væri vendipunktur í hvort til verðhækkana kæmi eða ekki. Hjörtur Árnason sagði að það myndi ekki koma sér á óvart þó til einhverja verðhækkana kæmi ef af upptöku evru yrði.

Þrátt fyrir gengishrun íslensku krónunnar telja Hjörtur Árnason og Erna Hauksdóttir að Ísland sé ennþá álitnið dýrt. Erna tekur fram að hennar mati kæra Íslendingar sig ekkert um það að verða ódýrt land. Kristján Daníelsson tók undir þetta og taldi að það tæki tíma fyrir fólk að átta sig á ódýru

verðlagi á Íslandi eins og það er í dag. Hann taldi þó að þeir ferðamenn sem eru komnir til landsins væru að upplifa landið ansi ódýrt og þetta staðfesti Kristófer Oliversson. Kristófer sagði að þó verð hafi hækkað í krónum þá hafi verð lækkað í evrum í kjölfarið og því sé Ísland fremur ódýrt land fyrir ferðamanninn. Viðmælendur voru þá almennt sammála um að verðlag myndi ekki breytast mikið við upptöku evru en auðvitað myndi það velta mikið á hvaða gengi evran yrði tekinn upp á. Hjörtur taldi þó að verðlag myndi e.t.v. hækka eitthvað.

## Samkeppnisstaða – ímynd – traust

Það voru skiptar skoðanir á því hvort upptaka evru myndi draga úr samkeppnisstöðu ferðaþjónustu Íslands gagnvart ferðaþjónustu í öðrum löndum. Kristján Daníelsson taldi að samkeppnisstaða ferðaþjónustunnar myndi styrkjast við upptöku. Hann sagði að:

*Það myndi koma jafnvægi og einfaldleiki í alla samninga við ferðaskrifstofur og viðmiðanir væru einfaldari.*

Kristján hélt áfram og nefndi að upptaka evru væri ákveðinn viðurkenning fyrir Ísland og það eitt að taka upp þennan gjaldmiðil:

*yrði alveg gríðarleg vítamínsprauta inn í markaðssetninguna*

Því þarna væri búið að tengjast Evrópu nánari böndum. Kristján sagði að það fá þetta samþykki, þ.e. að fá að taka upp evruna, myndi hafa góð áhrif á ímynd landsins:

*Það er kominn stimpill, við erum orðinn blá og [...] við erum orðinn þarna stjarna í hringnum*

Hér er Kristján að vitna í fána myntbandalags Evrópu og að Ísland myndi þá verða orðið ein af stjórnunum í fánanum. Slíkt myndi eingöngu styrkja ímynd landsins og styrkur fyrir ferðaþjónustuna. Kristófer Oliversson taldi hins vegar að upptaka evru myndi draga úr samkeppnisstöðu landsins eins og staðan væri í dag. Kristófer tók þó fram að það skipti ekki máli hvaða gjaldmiðil væri verið að ræða um. Hann sagði að það væri verðið sem skipti máli og með krónuna núna væri verðið lágt og því sterkari samkeppnisstaða væri ef landið hefði evru. Ef við værum með evru þá væri verðið hátt og því væri samkeppnisstaðan verri. Hann tók sem dæmi Bretland og vísaði til ferðatímarita þar í landi sem vísuðu tilvonandi ferðamönnum til landa þar sem væri veikur gjaldmiðill eins og Ísland og Króatía. Kristófer gat ekki séð neitt jákvætt fyrir ímynd Íslands að taka upp evruna. Hann taldi að við það myndi Ísland færast inn í þennan „Evrópugraut“ eins og hann orðaði það og slík gæti ekki haft neitt gott í för með sér fyrir ímynd landsins og væri í raun bara verra fyrir ímyndina. Kristófer tók fram að framandleiki landsins myndi minnka sem væri ókostur fyrir Ísland sem ferðamannaland. Hann taldi

einnig að upptakan myndi ekki fela í sér neina sérstaka markaðssetningu fyrir landið og benti á niðurstöðu rannsókna Finna þar sem útkoman var sú að upptakan hefði engin áhrif á markaðssetningu né hefði ímynd landsins orðið betri (Lehtonen, 2008). Erna Hauksdóttir hélt fram að það færi allt eftir því á hvaða gengi evran yrði tekinn upp hvort það myndi hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu ferðaþjónustu landsins og tók þar með undir orð Kristófers Oliverssonar um að verðlag skiptir miklu máli. Hún tók þó fram að það væru ákveðinn þægindi fyrir ferðamenn ef evran væri tekinn upp hér á landi:

*hefði ég nú haldið að erlendir ferðamenn að þeim fyndist það nú mjög þægilegt að ferðast til lands sem tæki þeirra eigin gjaldmiðil.*

Erna telur þó að ímynd Íslands myndi ekki breytast við upptöku evru og varpaði spurningunni „heldurðu að ímynd Danmerkur myndi eitthvað breytast ef þeir myndu taka upp evru?“. Svo taldi Erna ekki vera og því skyldi það þá gerast fyrir ímyndi Íslands. Erna segir Ísland „exótískt“ land og telur að:

*fólk sé ekki að velta því mjög mikið fyrir sér*

hvort Ísland sé með evru eða sé í Evrópusambandinu. Hjörtur Árnason taldi að upptaka evru myndi engu breyta um samkeppnisstöðu ferðaþjónustu landsins. Hann telur að Ísland sé:

*viðurkennt frekar dýrt land*

og heldur að:

*það að taka upp evru breyti því kannski ekkert óskaplega mikið.*

Hjörtur taldi heldur ekki að upptaka evrunnar myndi virka sem markaðssetning fyrir landið sem ferðamannastað en telur þó að upptakan myndi bæta ímynd Íslands. Hann telur að það myndi auðvelda ferðamanninum að koma til landsins ef Ísland væri með evruna.

Bæði Hjörtur Árnason og Kristján Daníelsson töldu að við upptöku evru myndi traust til Íslands aukast þá sérstaklega í kjölfar bankahrunsins. Kristján telur að það væri mjög sterkur leikur fyrir ferðaþjónustu landsins ef það væri hægt að segja:

*já íslenska krónan. [...]. Hún var góð og við vorum mjög stolt af henni en nú erum við kominn með evruna.*

Kristján tekur þó sérstaklega fram að hann telur ekki víst að það sé sérstaklega hagstætt að taka evruna upp í dag. Erna Hauksdóttir telur einnig að traust til Íslands myndi aukast við upptöku evru. Hún vísar sérstaklega til hrunsins þegar hún talar um aukið traust. Kristófer Oliversson er meira efins.

Hann telur að það sé enginn vafi á því að traust myndi aukast innan fjármálaheimsins en fyrir ferðapjónustuna telur hann að svo sé ekki:

*ég get ekki séð að það myndi breyta nokkrum sköpuðum hlut*

Allir viðmælendur voru þó sammála því að upptaka evru myndi auðvelda samanburð á verði og væri það af hinu jákvæða fyrir ferðamanninn. Hjörtur Árnason telur að:

*menn vita að hverju þeir ganga*

með evruna sem gjaldmiðil. Þegar spurt var um hvort viðmælendur teldu að upptaka evru hefði haft jákvæð eða neikvæð áhrif á ferðapjónustu þeirra landa sem hún hefur verið tekinn upp í þá voru viðmælendur hreinlega ekki vissir. Þeir töldu sig bara hreinlega ekki hafa næga þekkingu um hvort svo væri eða ekki en Erna Hauksdóttir og Kristófer Oliverson bentu á að niðurstöður rannsókna í Finnlandi væru að svo væri ekki. Kristján Daníelsson benti á að Spánn væri að þola gríðarlega fækkun ferðamanna núna og þá sérstaklega frá Bretlandi. Hann taldi að slíkt væri hægt að rekja til evrunnar en benti þó á að væntanlega væri helsta ástæðan heimskreppan því áhrifin vegna hennar væru að bitna á ferðapjónustunni á heimsvísu ekki einungis í evrulöndum.

Kristján Daníelsson telur að samkeppnisstaða Íslands myndi styrkjast við upptöku evru. Upptakan myndi hafa góð áhrif fyrir ímynd landsins og kæmi út sem ákveðin viðurkenning fyrir Ísland. Þessir punktar myndu koma út sem styrkleiki fyrir ferðapjónustuna. Einnig telur Kristján að upptakan myndi auka traust á Íslandi og myndi virka sem sterkur leikur fyrir ferðapjónustuna. Hjörtur Árnason tekur undir þetta. Hann telur hins vegar að samkeppnisstaða landsins muni ekki breytast mikið við upptöku evru. Hjörtur er þó þeirrar skoðunar að ímynd landsins myndi bætast ef evran yrði tekinn upp. Það telur Erna Hauksdóttir hins vegar ekki. Erna telur þó að traust til landsins myndi aukast við upptöku en að samkeppnisstaða landsins myndi ekkert endilega breytast. Það myndi velta á því hvaða gengi evran yrði tekin upp á. Kristófer Oliverson sagði að það væri hans skoðun að samkeppnisstaðan myndi versna við upptöku evru og taldi að traust til ferðapjónustu Íslands myndi ekkert endilega breytast. Kristófer tók svo fram að hann sæi fátt jákvætt fyrir ímynd Íslands ef af upptöku yrði. Hann taldi að það myndi ennfremur steypa landinu inn í Evrópugrautinn og þannig draga úr eiginleikum landsins.

## **Upptaka evru – með eða á móti?**

Almennt voru viðmælendur þó hlynntir upptöku evru. Hjörtur Árnason sagðist tvímælalaust vera hlynntur upptöku evru en bæði Kristján Daníelsson og Erna Hauksdóttir bentu á að það væri mjög

mikilvægt að skoða á hvaða gengi ætti að taka upp evruna. Þau voru þó bæði hlynnt upptöku á réttu gengi. Kristófer Oliverson var ekki hlynntur upptöku til skamms tíma vegna þess að hann taldi að við þyrftum á veikri krónu að halda til að vinna okkur upp úr þeirri kreppu sem væri hér á landi um þessar mundir. Hins vegar var hann hlynntur upptöku annars gjaldmiðils þegar til lengri tíma er litið og væri evran líklega besti kosturinn að hans mati. Erna Hauksdóttir benti einnig á skýrslu sem gerð hefur verið fyrir SAF sem kannaði viðhorf félagsmanna SAF um Evrópumál. Þar kom fram að 83% svarenda voru frekar eða mjög hlynntir upptöku evru í stað krónu. Að sama skapi voru 64% frekar eða mjög hlynntir aðild Íslands að Evrópusambandinu. Helstu rök fyrir því að ganga í Evrópusambandið voru að það myndi þýða að Ísland gæti losnað við krónuna og það myndi koma á stöðugleika og jafnvægi fyrir rekstarumhverfi fyrirtæki í ferðaþjónustu. Einnig þótti kostur að vera með traustan gjaldmiðil eins og evruna (HRM, 2008).

### Niðurstöður viðtala

Niðurstöður viðtalanna sýna að rekstraraðilar innan ferðaþjónustunnar telja það mikilvægt að taka upp evru eða allavega annan stærri gjaldmiðil hér á landi. Þeir telja evru besta möguleika. Það er þó ekki allir sammála um tímasetningu á upptökunni. Sumir vilja evru strax en aðrir vilja ekki skipta út krónunni fyrr en eftir einhver ár. Það helst í hendur við það sem viðmælendur hafa bent á þ.e. að rekstarskilyrðin eru gríðarlega erfið með óstöðugan gjaldmiðil eins og krónan hefur verið. Einnig hafa niðurstöður rannsókna í Finnlandi sýnt fram á að upptaka evruna hafi ekki bara breytt fremur í raun lagað þessi rekstarskilyrði fyrir finnska ferðaþjónustu (Lehtonen, 2008). Upptaka evru fær því mestan stuðning meðal rekstraraðila innan ferðaþjónustunnar vegna þess stöðugleika í rekstarumhverfinu sem evran mun koma á ef af upptöku yrði. Evran myndi því koma á ákveðnu jafnvægi sem ferðaþjónustan hefur aldrei búið við áður og slíkt myndi gera rekstur fyrirtækis í geiranum mun auðveldari en áður hefur verið. Áhrifin sem upptakan hefði á ímynd Íslands sem og traust til landsins voru fremur álitin jákvæð. Það er lítið sem mun skaða ímynd landsins ef af upptöku evru yrði en þó myndum við enda í sama flokki og önnur Evrópulönd samkvæmt Kristófer Oliverson. Það mun e.t.v. skaða sérstöðu landsins. Einnig voru viðmælendur nokkuð sammála um það að traust til Íslands myndi ekki minnka við upptöku evru. Fremur var talið að það myndi aukast. Ekki voru viðmælendur heldur sammála um hvort evran hefði einhver áhrif á aðkomu ferðamanna en þó var ekki hægt að sjá að upptakan myndi hafa neikvæð áhrif á aðkomu ferðamanna. Erna Hauksdóttir taldi hins vegar að upptakan hefði jákvæð áhrif. Erna benti á að stór hluti okkar ferðamanna kæmi frá evrusvæðinu og því myndi margt benda til þess að áhrifin yrðu jákvæð þá sérstaklega ef litið er til lengri tíma. Viðmælendur töldu að upptaka evru myndi ekki hafa veruleg áhrif á verðlag á landinu. Upptaka evru mun ekki hafa áhrif á hvort Ísland sé álitid dýrt eða ódýrt land. Það mun velta á hvaða gengi evran yrði tekin upp á hvort til

verðhækkana eða verðlækkana mun koma en viðmælendur telja líklegra að það komi frekar til verðlækkana. Kristófer Oliverson sagði til að mynda að hans hótél hefðu nú þegar lækkað verð í evrum en hækkað þau í krónum. Ekki töldu viðmælendur þó að samkeppnisstaða Íslands myndi breytast við upptöku evru. Hins vegar var Kristján Daníelsson sannfærður um að ákvörðunin að koma til Ísland yrði auðveldari ef landið væri með evru.



## Niðurstöður

Það eru skiptar skoðanir á því hver áhrifin á ferðapjónustu landa eru þegar skipt er í evru. Það eru ákveðnar forsendur sem hafa áhrif á hver áhrifin eru. Ein helsta forsenda er hvort landið er álitid dýrt eða ódýrt land. Aðrar forsendur eru t.d. ímynd og traust landsins bæði sem ferðamannastaður og einnig sú ímynd og traust sem landið hefur í heildina. Áhrifin af upptöku evru geta því bæði verið uppbyggjandi og skaðleg. Ísland er í mikilli sérstöðu eins og staðan er í dag því landið er ódýrt í dag en hefur verið og er jafnvel enn álitid dýrt. Því getur verið enn erfiðara að skoða hver möguleg áhrif af upptöku evru eru á ferðapjónustu Íslands.

Evrán er túlkuð að mörgum sem sameiginlegt evrópskt einkenni og því er upptaka hennar skref nær því að bindast þessu einkenni. Það að verða hluti af þessu einkenni fylgja ákveðnir kostir fyrir ferðapjónustuna vegna þess að ákveðnir hlutir einfaldar ferðalög innan myntsvæðisins. Þar má nefna ferðamaðurinn þarf ekki að skipta gjaldmiðli sínum til að ferðast og þannig sparast ákveðinn kostnaður. Einnig hverfur vandamálið með afgangs peninga þ.e. myntpeninga sem ferðamenn fá ekki skipt eftir þeir koma heim úr ferðalaginu. Meiri stöðugleiki fæst í peninga ferðamannsins og þannig færast aukið gegnsæi í verðlag. Evran mun draga úr hagsveiflum og koma á mun meiri stöðugleika í rekstrarumhverfið. Finnland er gott dæmi um það en þessi stöðugleiki er nauðsynlegur fyrir íslenska ferðapjónustu. Óstöðugleiki krónunnar hefur valdið rekstaraðilum innan íslensku ferðapjónustunnar miklum vandræðum í gegnum tíðina.

Svo er það hugmyndin um verðlag. Það eru skiptar skoðanir á því hvort verðlag almennt hækki við upptöku evru eða ekki. Slóvenía upplifði hækkun á verðlagi en landið er almennt talið ódýrt. Það getur verið reynsla landa sem talinn eru ódýr. Þrátt fyrir það hafði upptakan haft fleiri kosti en galla í Slóveníu. Hins vegar verður að teljast ólíklegt að upptaka evru feli í sér verðhækkunir á Íslandi þrátt fyrir að Ísland sé ódýrt land eins og er. Það eru meiri líkur á því að hér muni upptakan fela í sér verðlækkunir þá sérstaklega á landbúnaðarvörum. Gengishrunið hefur nú þegar sett af stað lækkuð í verðlagi í evrum hjá hótélum landsins þó svo að verð hafi hækkað í krónum. Þar sem það er mun auðveldara fyrir ferðamanninn að átta sig á verðlagi ef það er í evrum mun upptaka evru einungis bæta gegnsæi á verðlagi á Íslandi. Þannig mun ferðamaðurinn eiga auðveldara með að sjá að íslenskt verðlag er ódýrt eins og staðan er í dag. Það má þó ekki gleyma að það skal verður að vera tekið inn í myndina á hvaða gengi evran yrði tekinn upp á. Í heildina hefur orðið aukning í ferðastraumi hjá evruríkjum síðan þau tóku upp gjaldmiðilinn.

Á Íslandi hefur aukningin í ferðastraumi verið mikil á undanförunum árum. Það hefur þó dregið úr þessari aukningu undanfarin 2 ár. Þar verður að taka inn í myndina alheimskreppuna sem heimurinn berst við enn í dag. Þó hefur ekki orðið samdráttur í íslenskri ferðapjónustu heldur einungis dregið úr

aukningu. Frá því að evran var tekin í notkun 2002 hefur verið lítið samhengi milli aukningu gistinóttanna á Íslandi og verði á evru í íslenskum krónum. Aukningin hefur verið mikil þó svo að ferðamaðurinn hefur fengið lítið fyrir evruna sína. Árin 2008 og 2009 hefur verið á evru verið gríðarlega hátt í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi. Hins vegar hefur dregið verulega úr aukningu á gistingu. Það er þó gríðarlega mikið samhengi á milli þeim tekjum sem haft er af erlendum ferðamönnum og gengi evrunnar. Frá árinu 2006 til 2008 hafa tekjur af erlendum ferðamönnum í íslenskum krónum nær tvöfaldast. Hins vegar hafa þessar tekjur ekki aukist í evrum en sú tala er sú sama nánast. Því er í raun lítil tengin á milli aukningar í gjaldeyristekjum og gengi evru. Það má þó búast við aukningu af ferðamönnum frá evrulöndum ef upptaka evru gengi í gegn en sá hópur er nú þegar mjög stór hluti af þeim ferðamönnum sem sækja Ísland.

Viðmælendur viðtala voru hlynntir upptöku evru þegar til lengri tíma er lítið og töldu allir viðmælendur að rekstarumhverfi fyrirtækja í ferðaþjónustu myndi bætast töluvert við upptöku. Skiptar skoðanir voru á því hvort upptakan myndi hafa góð áhrif á ímyndi Íslands. Kristján Daníelsson og Hjörtur Árnason voru þeirrar skoðunar að upptaka evru myndi hafa góð áhrif í mynd landsins og að traust til landsins myndi einnig aukast. Það bendir því flest til þess að upptaka evru myndi hafa góð áhrif á ferðaþjónustu landsins og ýta undir aukningu á ferðamönnum til landsins. Lítið bendir til þess að tekjur ferðaþjónustunnar munu skerðast við upptöku þegar til lengri tíma er lítið en hins vegar mun rekstrarumhverfi batna til muna sem gæti skilað sér í betri arðsemi.

## Heimildir

Allen, F., og Song, W. (2005). Financial Integration and EMU. *European Financial Management* , 7-24.

Bahar, O., og Kozak, M. (2006). Tourism 54. *Potential impacts of the Euro on destination choice* , 235-43.

Bardgett, L. (23. júní 2000). *UK Parliament*. Sótt 2. nóvember 2009 frá House of Commons:  
<http://www.parliament.uk/commons/lib/research/rp2000/rp00-066.pdf>

Bojnec, S., og Rudez, H. N. (2008). *Impact of the Euro on the Slovenian Tourism Industry*. Koper: University of Primorska.

Eiríkur Bergmann og Jón Þór Sturluson. (2008). *Hvað með evruna?* Reykjavík: Háskólinn á Bifröst.

Eiríkur Bergmann. (26. október 2006). *Sjálfkrafa upptaka evru!* Sótt 18. nóvember 2009 frá Háskólanum á Bifröst  
[http://starfsmenn.bifrost.is/default.asp?sid\\_id=28300&tld=1](http://starfsmenn.bifrost.is/default.asp?sid_id=28300&tld=1)

Erna Hauksdóttir. (19. október 2009). Möguleg áhrif upptöku evru á ferðapjónustu Íslands. (G. H. Ómarsson, Spyrill)

ETN. (17. desember 2007). *ETN - Global Travel industry News*. Sótt 5. október 2009 frá Slovenia - Tourism: History and beauty provide a compelling mix: <http://www.eturbonews.com/402/tourism-history-and-beauty-provide-compelling-mix>

Euro Countries. (1. janúar 2009). *Greenwichmeantime*. Sótt 14. október 2009 frá Euro Countries:  
<http://www.greenwichmeantime.com/time-zone/europe/european-union/euro/countries.htm>

Euro-indicators. (18. júní 2003). *Eurostat*. Sótt 20. október 2009 frá  
<http://epp.eurostat.ec.europa.eu/portal/page/portal/hicp/documents/Tab/Tab/2-18062003-EN-AP.PDF>

Europa. (18. maí 2007). *Europa - Summaries of EU legislation*. Sótt 12. október 2009 frá The successful introduction of the Euro in Slovenia:  
[http://europa.eu/legislation\\_summaries/economic\\_and\\_monetary\\_affairs/introducing\\_euro\\_practical\\_aspects/l25092\\_en.htm](http://europa.eu/legislation_summaries/economic_and_monetary_affairs/introducing_euro_practical_aspects/l25092_en.htm)

European Commission. (2007). *Economic Commission*. Sótt 30. október 2009 frá Economic and Financial affairs: [http://ec.europa.eu/economy\\_finance/the\\_euro/index\\_en.htm?cs\\_mid=2946](http://ec.europa.eu/economy_finance/the_euro/index_en.htm?cs_mid=2946)

Ferðamálastofa Íslands. (2009). *Ferðamálastofa Íslands*. Sótt 18. október 2009 frá Talnaefni:  
[http://www.ferdamalastofa.is/displayer.asp?cat\\_id=38](http://www.ferdamalastofa.is/displayer.asp?cat_id=38)

Folkertsma, C., Renselaar, C. V., og Stokman, A. (2002). Sótt 18. október 2009 frá Smooth euro changeover, higher prices? Results of a survey among Dutch retailers, Amsterdam: De Nederlandsche Bank NV.  
[http://www.dnb.nl/binaries/wo0682\\_eng\\_tcm46-145979.pdf](http://www.dnb.nl/binaries/wo0682_eng_tcm46-145979.pdf)

Gil-Pareja, S., Llorca-Vivero, R., og Martínez-Serrano, J. (2007). International Economics. *The effect of Emu on tourism* , 302-312.

Hagstofa Íslands. (2009). *Hagstofa Íslands*. Sótt 17. október 2009 frá Hagstofa Íslands - Hagtölur/Ferðamál,-samgöngur og upplýsingar/gisting: <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Ferdamal,-samgongur-og-upplysing/Gisting>

Hagstofa Íslands. (2009). *Hagstofa Íslands*. Sótt 17. október 2009 frá Hagstofa Íslands - Hagtölur/Ferðamál,-samgöngur og upplýsinga/ferðþjónusta: <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Ferdamal,-samgongur-og-upplysing/Ferdathjonusta>

Hjörtur Árnason. (17. október 2009). Möguleg áhrif upptöku evru á ferðþjónustu Íslands. (G. H. Ómarsson, Spyrill)

HRM. (2008). *Viðhorfskönnun meðal félagsmanna SAF um evrumál*. Reykjavík: SAF.

Jenkins, A. (2008). Euro vision? A strategic approach to currency changeover in the UK hospitality industry. *International Journal of Contemporary Hospitality Management* , 227-34.

Kanada, J. (2003). *Inside and outside the boundaries of the European Union: Impacts of a monetary on tourism in Spain*. Stanford, California: Stanford University.

Kattuman, P., Gatti, R., og Morgan, J. (2003). Online Pricing and the Euro Changeover: Cross-country Comparisons. *The Royal Economic Society Annual Conference*. Warwick: University of Warwick.

Keller, P. (1998). Conclusions. *CEU/ETC Seminar on the Euro and Tourism* (bls. 107-111). Aþena: World Tourism Organization.

Kristófer Oliverson. (19. október 2009). Möguleg upptaka evru á ferðþjónstu Íslands. (G. H. Ómarsson, Spyrill)

Lehtonen, J. (2008). How EU membership -- and the euro -- affected Finnish tourism. *Fundur SAF um kosti og galla ESB aðildar* (bls. 1-10). Reykjavík: SAF.

Leu, W. (1998). The Euro - A new powerful identity for destination Europe. *CEU/ETC Seminar on the Euro and Tourism* (pp. 7-9). Aþena: World Tourism Organization.

Marques, H. T. (1998). The Euro and Tourism. *CEU/ETC Seminar on the Euro and Tourism* (bls. 45-47). Aþena: World Tourism Organization.

Rátz, T., og Hinek, M. (2005). *The Implications of the Single European Currency for Hungarian Tourism*. Budapest: Kodolányi János University College.

Rátz, T., og Puczko, L. (1999). *The Future of Tourism in the European Monetary Union*. Barcelona: IV CEMS Academic Conference.

SAF. (20. október 2008). *SAF*. Sótt 7. nóvember 2009 frá Fundur um kosti og galla ESB aðildar: [http://www.saf.is/is/starfsemi/utgafa\\_saf/frettabref/frettabref\\_2008/13.tbl.08/Default.asp?ew\\_news\\_onlyarea=TextArea&ew\\_news\\_onlyposition=0&cat\\_id=63921&ew\\_0\\_a\\_id=313900](http://www.saf.is/is/starfsemi/utgafa_saf/frettabref/frettabref_2008/13.tbl.08/Default.asp?ew_news_onlyarea=TextArea&ew_news_onlyposition=0&cat_id=63921&ew_0_a_id=313900)

Seðlabanki Íslands. (2009). *Seðlabanki Íslands*. Sótt 20. október 2009 frá Gengisskráning: <http://www.sedlabanki.is/?PageID=7>

See News. (2008, desember 21). *See News*. Sótt 16. október, 2009, from Analyst - EU presidency to help Slovenian's Tourism to flourish in 2008:

[http://www.seenews.com/\\_c/SaveAs.php?Id=112795&Type=2](http://www.seenews.com/_c/SaveAs.php?Id=112795&Type=2)

Socher, K. (1999). Economic costs and benefits of the euro for tourism. *Revue de Tourisme* , 14-20.

Wallegem, W. V. (1998). The Point of View of a Tour Operator. *CEU/ETC Seminar on the Euro and Tourism* (bls. 53-55). Apena: World Tourism Organization.

Weber, K. (1998). Wider Consequences of the Introduction of the Euro: The Point of View of a Banker. *CEU/ETC Seminar on the Euro and Tourism* (bls. 49-52). Apena: World Tourism Organization.

## Viðauki A – viðtal við Hjört Árnason

**Viðtal er tekið við Hjört Árnason, eiganda og hóteltjóra Icelandair Hótel Hamar í Borgarnesi. Viðtalið er tekið þann 17.10.09 á hótelinu sjálfu.**

Georg: Jæja, þá er ég sem sagt á Hótel Hamar að taka við tal við Hjört Árnason, eh, Hjörtur gætir þú kynnt sjálfan þig og starf þitt?

Hjörtur: Ég heiti Hjörtur Árnason, sem sagt og er eigandi ásamt konu minni Unni á Hótel Hamri. Eh, við byggðum þetta hótel árið 2004 og 2005 og opnuðum 1. júlí 2005 og höfum verið með opið síðan. Við erum hluti af Icelandair hótelveðjunnunni og höfum verið það alveg frá upphafi.

Georg: Eins og ég sagði þér kannski hérna áðan þá erum við að reyna að komast að niðurstöðu upptöku evru á væri á ferðapjónustuna. Svo ég spyr kannski svona fyrst þá .... telurðu að upptaka evru myndi hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á aðkomu ferðamanna til Íslands?

Hjörtur: Alveg tvímænaust jákvæð áhrif því að það myndi einfalda alla, allt viðmið fyrir erlenda ferðamenn. Þeir eru bara með eitt, sem sagt einn gjaldmiðil og eitt gengi þannig að það er einfalt fyrir þá að bera saman verð hér og einhversstaðar annarsstaðar ef að allir eru með sama gjaldmiðil.

Georg: Heldur þú að, sem sagt, byrjum á að spyrja sko hvort heldur þú að Ísland sé álitnið dýrt land eða ódýrt land?

Hjörtur: Alveg klárlega dýrt land.

Georg: dýrt land?

Hjörtur: Já

Georg: Þrátt fyrir núna þessa gengis...

Hjörtur: Nei, í dag er það álitnið kannski svona frekar ódýrt land vegna þess að staða krónunnar er svo veik en en miðað við eitthver eðlilegt gengi krónunnar, menn geta velt því fyrir sér hvert það er þá er Ísland örugglega frekar dýrt land.

Georg: Þannig að með upptöku evru yrði Ísland dýrara land?

Hjörtur: Ég ímynda mér að það yrði já dýrara en það yrði með þeim fyrirvörum sem ég nefndi áðan kannski aðgengilegra því þá vegna þess að þá hafa, ganga menn að, geta haft sem sagt samanburð milli landa af því við erum með sama gjaldmiðilinn. Þannig að ég held að það yrði heldur dýrara.

Georg: Heldurðu að í kjölfar upptöku evrunnar að það yrði aukning á ferðamönnum til landsins?

Hjörtur: Ég held það já, að þeim eigi bara eftir að fjölga eh, óháð í rauninni verði vegna þess að við erum viðurkennt sem dýrt land og þeir sem koma hingað þeir gera sér alveg grein fyrir því og vita það alveg frá upphafsdegi að þeir eru ekki að fara í ódýr lönd eins og Asíu eða einhver slík lönd. Það er dýrara á Íslandi en annarsstaðar.

Georg: Hvernig heldurðu að þetta hefði áhrif á reksturinn, ef evran yrði tekinn upp?

Hjörtur: Þetta hefði tvímænalaust jákvæð áhrif á reksturinn og er það fyrst og fremst vegna þess að við hefðum stöðugt rekstarumhverfi. Við værum ekki að slást við endalausar gengissveiflur og aldrei vitandi hvaða gengi er á krónunni því að þessi atvinnugrein hún þarf að ákveða verð allt að tvö ár fram í tímann. Menn geta ímyndað sér hvernig það er með sveiflum, með gengissveiflum eins og þær eru núna og ekki síst líka vegna þess að við fengjum þá vexti sem væru þá á einhverju því plani sem að gæti talist eðlilegt. Það er aldeilis víðs fjarri að sú staða sé uppi á Íslandi í dag.

Georg: Heldurðu að samkeppnisstaða Íslands myndi minnka eða batna við upptöku evru, byrjum á gagnvart öðrum evru löndum?

Hjörtur: Ég held að hún myndi ekkert breytast að neinu ráði í sjálfu sér því eins og ég sagði áðan þá er Ísland viðurkennt frekar dýrt land og ég held að það að taka upp evru breyti því kannski ekkert óskaplega mikið en ég held að það myndi ekki breytast hvorki til hins verra eða betra.

Georg: Þá ekki heldur gagnvart öðrum löndum sem ekki hafa evru?

Hjörtur: Ég held ekki, ég held ekki.

Georg: Heldurðu að það yrði ákveðinn markaðssetning fyrir Ísland, sem myndi koma í kjölfar sem ókeypis markaðssetning af því að ef evran yrði tekinn upp gagnvart þá Evrópu og þeim löndum sem fylgjast með evrunni?

Hjörtur: Ég veit nú hvort það yrði það beint, þ.e. bein markaðssetning það eitt að taka upp evruna en það er auðvitað vitað mál að evran tengist Evrópusambandsaðild og það að tengjast Evrópusambandinu er örugglega á margann hátt jákvætt fyrir margar atvinnugreinar á Íslandi eins og til dæmis ferðaþjónustuna og sjálfsagt ekkert sérstaklega jákvætt fyrir aðrar greinar.

Georg: Hvað heldurðu að þetta myndi gera fyrir ímynd Íslands?

Hjörtur: Ég held að þetta myndi bara bæta ímynd Íslands því þá yrði meiri stöðugleiki hérna í þér ég ég að meina í efnahagsumhverfinu.

Georg: Heldurðu að það yrði auðveldara fyrir ferðamanninn að koma til landsins? Heldurðu að ferðalagið til Íslands myndi auðveldast við upptöku evru?

Hjörtur: Það myndi kannski í sjálfu sér ekki hafa nein þannig áhrif en það myndi kannski vera auðveldara í þeim skilningi að menn myndu geta gert sín plön eða má segja kostnaðarplön á heimslóðun eins og má segja það er að segja þau lönd sem eru með evru þau geta bara borið saman og vitað hvað kostar það er ekki þessi sleitulausa gengissveifla og verðið á krónunni er eitt í dag og annað á morgun.

Georg: Í kjölfarið á því myndi það ekki auka traust á Íslandi?

Hjörtur: Alveg klárlega

Georg: Þessar gengissveiflur kannski draga úr trausti til landsins

Hjörtur: Ekki nokkur spurning að það geri það og ekki bara úr trausti heldur bara allt stábilítet og ég held að það myndi breyta alveg ótrúlega miklu

Georg: Þannig að þú ert alveg á því að þessi samanburður á verðlagi, sem þú ert búinn að vera að lýsa, að hann sé jákvæður fyrir ferðaþjónustuna?

Hjörtur: Já, ég held það. Menn vita að hverju þeir ganga. En eins og ég sagði áðan við verðum klárlega ekkert ódýrt ferðamannaland eftir evru upptöku hugsanlega en áður.

Georg: Ekkert frekar en við vorum hérna 2006

Hjörtur: Nei, nei

Georg: Þannig að svona þegar hlutirnir eru teknir saman þá telur þú að upptaka sé mjög jákvæð

Hjörtur: Já, ég held að það séu bara mjög jákvæð áhrif að taka upp sterkari gjaldmiðil

Georg: Og það myndi sem sagt skila sér í auknum gistinóttum hjá þér?

Hjörtur: Ég held það já, ég held það

Georg: Segðu mér hvað hérna hvernig finnst þér gistinætur sem mælikvarði á gengi ferðaþjónustunnar í heild?

Hjörtur: Ég held að það hljóti að teljast þokkalega góður mælikvarði því að þeir ferðamenn sem koma til landsins þeir verða einhversstaðar að gista þannig að ég held að það sé tiltölulega góður mælikvarði

Georg: Ert þú, við höfum nú nokkurn veginn komist að þessari niðurstöðu, þú ert sem sagt hlynntur upptöku evru á Íslandi yfir höfuð?

Hjörtur: Já já, ég er það. Alveg klárlega.

Georg: Hvers vegna?

Hjörtur: Vegna þess fyrst og fremst að það er miklu meira jafnvægi í rekstri. Þú getur átt miklu auðveldara með að gera allar rekstaráætlanir og kostnaðaráætlanir fyrir reksturinn til lengri tíma vegna þess að þú ert með ákveðið viðmið. Gjaldmiðillinn er sterkur. Þú ert með, það er búið að taka þennan kaligal af íslenskum seðlabanka eða stjórnvöldum að ákvarða vexti. Við erum með ákveðna vexti sem eru miklu lægri, verulega miklu lægri heldur en eru á Íslandi í dag en eins og þeir eru í dag eru þeir náttúrulega bara óviðráðanlegir þannig að bara þessir tveir þættir gera það að verkum að það er engin spurning um það að ég er hlynntur því að taka upp evruna.

Georg: Rétt að lokum bara, sá ferðamaður sem er gestur hjá þér sem er að koma til þín. Hvernig lýsir hann sér, ég meina þá, eru þetta hópar, einstaklingar?

Hjörtur: Þetta eru yfir sumartímann, þ.e.a.s. tímabilið niður júní til lok ágúst eru þetta lang mest hópar en á öðrum tímum eru þetta nánast eingöngu einstaklingar sem eru þá á ferðinni sjálfir, hafa bókað sína ferð á netinu og

Georg: Hvar er aukningin í ferðamönnum?

Hjörtur: Aukningin er fyrst og fremst í einstaklingsbókunum



Georg: Hún er í einstaklings, ekki í hópunum?

Hjörtur: Nei

Georg: ok

Hjörtur: En það er engu að síður mjög stór hluti yfir sumartímann sem eru hópar

Georg: og þú telur að hvorugur hópurinn myndi verða fyrir neikvæðum áhrifum að upptöku evru í aukningu?

Hjörtur: Ég held ekki, ég held ekki

Georg: Heyrðu, þetta er bara komið, ég þakka þér kærlega fyrir

Hjörtur: Yes, takk

## Viðauki B – viðtal við Kristján Daníelsson

**Viðtal er tekið við Kristján Daníelsson, framkvæmdastjóra Radisson SAS keðjunnar á Íslandi. Viðtalið er tekið þann 19.10.09 á Hótel Sögu í Reykjavík.**

Georg: Svona til að byrja með gætirðu kynnt þig og starf þitt?

Kristján: Kristján Daníelsson hóteltjóri og framkvæmdastjóri á Hótel Sögu

Georg: ok, ehh, eins og við ræddum hérna áður þá er ég að kanna möguleg áhrif upptöku evru á ferðapjónustu landsins, reyna að komast að einhverri niðurstöðu með það. Svo ég spyr svona fyrst, telurðu að upptaka evru í stað krónu myndi hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á aðkomu ferðamanna til Íslands?

Kristján: Ég hugsa að það myndi ekki hafa neikvæð áhrif. Hvort það myndi hafa jákvæð áhrif, ehh, fer soldið eftir því á hvaða gengi íslenska krónan yrði metinn inn í evruna. Þar kemur inn hvernig verðlagningin yrði, hvernig verðið yrði í raun. Ef krónan yrði metinn á 184 krónur þá yrði Ísland ódýrt land meira eða minna. Þá væri fólk að fá mikið fyrir evruna sína en ef það yrði tekið eitthvað miðgengi, sem ég tel að væri sennilega eðlilegt, þá myndi ég halda að það myndi ekki hafa neikvæð og ég hugsa að það myndi verða svona ekkert kannski neitt jákvætt nema það yrði kannski eitthvað hype á það. Það yrði kannski opnara, fólk myndi treysta þessu meira og kannski jákvæðni gagnvart því.

Georg: Já, og hérna ok, ef ég spyr þig þá yrði Ísland dýrara með upptöku evruna, þ.e. ef evran yrði tekinn upp?

Kristján: Þetta er einmitt þessi vonlausa spurning, því ef evran yrði tekinn upp í dag, á gengi dagsins í dag þá væri Ísland ódýrt land. Það er bara svoleiðis. Og það er alltaf spurningin á hvaða gengi yrði reiknað þegar evran yrði tekinn upp og hvaða forsendur væru notaðar. Tökum ef það væri í dag, þá held ég ekki spurning að það myndi verða jákvætt fyrir ferðamennsku, það myndi verða aukning, það myndi verða hype. Evran yrði tekinn upp og þú færð mikið fyrir evrunar þínar. Við myndum eflaust jafna það út tiltölulega fljótt, við erum fljót að aðlagast. Það myndi hækka tiltölulega fljótt kannski en hvort það væri hagstætt fyrir okkur að taka upp evruna eins og hún er í dag það er ég ekki viss um að sé góður kostur.

Georg: Ef að eitthvert miðgengi yrði tekið upp heldurðu að það yrðu verðhækkningar í kjölfarið, þá meina ég kannski ekki að það skipti máli á hvaða gengi evran yrði tekinn upp...

Kristján: Nei, ég hugsa ekki. Núna erum auðvitað búinn að ganga í gegnum mikið sjokk í gengi og það eru búnar að vera gríðarlega miklar hækkningar nú þegar. Þannig að ef eitthvað miðgengi yrði tekið væri ekkert sem myndi réttlæta miklar hækkningar, eehhhh, vegna þess að í fyrsta lagi ef það væri tekið miðgengi þá væri verið að taka ákveðnar hækkningar tilbaka sem búið væri að setja inn í þjóðfélagið í dag. Því við höfum náttúrulega tekið inn ákveðnar hækkningar frá byrgjum og þeir hafa kannski verið að passa sig pínulítið að hækka ekki of mikið en það hafa orðið gríðarlega hækkningar á vörum, innfluttum vörum, á því sem við erum að kaupa beint að utan hafa orðnar náttúrulega 100% hækkningar. Ef það yrði tekið miðgengi þá værum við í raun að fá afslátt. Það myndi koma okkur til góðs, þannig að ef að yrði

tekið miðgengi. Eitthvað sem væri eðlilegt, eitthvað sem enginn veit hvað er að þá held ég að við ættum ekki að þurfa að sjá miklar breytingar á eða sjá miklar hækkningar.

Georg: Ok, ehh, nú kemur þá aftur þessi erfiða spurning er Ísland álitin dýr eða ódýr ferðamannastaður?

Kristján: Ég hugsa að Ísland sé ennþá álitin dýr ferðamannastaður vegna þess að fólk gerir sér bara ekki grein fyrir því hversu mikil veiking á krónunni hefur verið. Við erum bara með þennan stimpil á okkur, við höfum alltaf verið eitt af dýrustu löndum í heimi ef við erum með McDonalds vísitöluna eða Burger King vísitöluna, hvað sem þetta heitir allt saman. Við höfum alltaf verið á toppnum. Við höfum lækkað en við höfum ekki lækkað svo mikið. Af því í raun sko, þá hefur það verið þannig að þó veiking krónunnar hafi verið hafi vöruverð hækkað svo mikið og allt hefur hækkað svo mikið en hérna ég held að við séum álitin enn þá dýr staður þangað til þeir koma hérna. Ég hef alveg hitt einstaklinga sem koma hérna og þeir gera sér ekki grein fyrir hvað allt er ódýrt hérna fyrir en þeir koma með sinn gjaldmiðil, Danirnir og sérstaklega.

Georg: En hérna gefum okkur þá að sú staðreynd væri að upptaka evru yrði tekinn í gildi, skiptir ekki máli á hvaða gengi, myndi það veikja samkeppnisstöðu Íslands þá fyrsta lagi gagnvart öðrum evrulöndum og svo gagnvart löndum sem eru ekki með evru?

Kristján: Nei, það ætti ekki að gera það. Ertu að tala um okkur hérna með gistinguna?

Georg: Já

Kristján: Ég myndi halda að það myndi styrkja hana. Það myndi koma jafnvægi og einfaldleiki í alla samninga við ferðaskrifstofur og allar svo viðmiðanir væru einfaldari og fólk þarf ekki lengur að þæla í breytingunni á milli íslensku krónunnar, er þetta dýrt eða er þetta ódýrt eða annað slíkt sko. Það hlýtur að vera til þæginda fyrir ferðabjónustuna. Að hérna að vera að vinna á sama gjald miðli og flest önnur Evrópuríki eða allavega einhvern gjaldmiðil sem fleiri eru með en 300 þús. manna þjóð.

Georg: Upptaka evru eða inngangan í ESB og upptaka evru sem kæmi svo í kjölfarið, myndi þetta virka sem einhverskonar markaðssetning fyrir Ísland?

Kristján: Já já, ekki spurning, ég held að þetta yrði alveg gríðarleg vítamínsprauta inn í markaðssetninguna um það að við værum búinn að tengjast Evrópu nánari böndum. Þú ert náttúrliga að tala um evruna fremur en Evrópusambandið, er það ekki?

Georg: Ja, þetta helst svo í hendur

Kristján: Reyndar, en ef við tökum bara evruna. Ég held að hvernig sem þetta yrði gert, ég held að það yrði engin spurning. Þetta er ákveðin viðurkenning. Þetta er ákveðin viðurkenning á því að þú sért alvöru, að vera, að fá að spila, þú ert valinn í stóra liðið. Þú ert að fara úr Víking í Fylki. Eða ég segi það nú kannski ekki en þú ert að fara úr Burnley í United.

Georg: En ímynd Íslands, bara í kjölfarið af því sem þú segir sem viðurkenning, hvernig kæmi hún út úr upptökunni?

Kristján: Eins og ég segi, þá held ég að það sé bara gott fyrir ímynd Íslands að fá þetta samþykki frá Evrópusambandinu um það að við værum þess virði að fá að nota þennan gjaldmiðil. Við værum

kominn á þennan jafnréttisgrundvöll á við aðra en það hefur náttúrulega gerst í mörgum löndum að verðhækkningar hafa orðið gríðarlegar eins og á Spáni og fleiri stöðum að þetta er náttúrulega, fyrir okkur í dag út af genginu nokkuð sérstakt en það hafa orðið gríðarlega miklar verðhækkningar í mörgum löndum. Því myndi fólk þá kannski líta á Íslands sem enn dýrara því Ísland er nú talið dýrt. En ég held að það yrði nú samt talinn sem auka umræða, aðalumsæðan væri að evran væri kominn til Íslands. Það er kominn stimpill, við erum orðinn blá og hérna við erum orðinn þarna stjarna í hringnum. Ég held að það yrði gott fyrir ímynd Íslands og ég held að það væri gott að geta sagt að við værum með sama gjaldmiðil og er í fjölmörgum öðrum löndum og ekkert ves og annað slíkt. Ég held að það yrði bara styrkleiki.

Georg: Heldurðu þá að það yrði álitid auðveldara að ferðast til Íslands?

Kristján: Já

Georg: Og ákvörðunin yrði léttari að taka?

Kristján: Ég held að það yrði góður factor í ákvörðunartökunni að hérna að ef evran væri frekar en íslenska það myndi auðvela ákvörðunartöku um að koma til Íslands.

Georg: Og þá kannski að fólk myndi bera meira traust til landsins

Kristján: Já, það held ég. Það er sérstaklega sterkara þetta traust sko núna heldur en áður því að núna er að mörgu leiti talinn svona veikur, sumir segja ónýtur gjaldmiðill, sem mér finnst nú tóm steypa og svona læti í mönnum þegar þeir tala en hérna ég held að það yrði þannig, það yrði gott fyrir okkur að segja svona „já íslenska krónan já fínt. Hún var góð og við vorum mjög stolt af henni en nú erum við kominn með evruna“. Hún er stöðug, við þekkjum hana, hún er sterk og hérna það er ekkert vandamál. Ég held að það myndi hjálpa okkur.

Georg: En þessi auðveldum á samanburði á verðlagi?

Kristján: Ég meina við erum búinn að tala um þetta, við erum bara að einfalda hlutina með því að taka upp evruna. Þannig að ekki spurning sko. Hvort svo að hagstætt sé að taka hana upp í dag er svo allt önnur umræða. Og ég tek það fram að ég er ekki viss um að ég myndi vera samþykkur að taka hana upp í dag með hvernig gengið er og annað slíkt. En overall almennt ef að það yrði fundin einhver flötur á og einhver sátt um gengi og viðmið þá held ég að það yrði jákvætt fyrir okkur að taka upp evru.

Georg: Þessi lönd sem að hafa tekið evruna, heldurðu að þetta hafi haft jákvæð eða neikvæð áhrif á ferðapjónustu þessara landa? Eins og þú nefnir þarna Spánn áðan og ef við gefum okkur Þýskaland.

Kristján: Ég verð nú bara að viðurkenna að ég kannski þekki það ekki eins mikið. Það hefur það jákvæðu áhrif að þau fá svona ákveðna viðurkenningu en það sem hefur kannski gerst er að það hafa orðið kannski of miklar verðhækkningar í þessum löndum. Og ég er ekkert viss um að það hafi jákvæð áhrif á, eins og til dæmis í dag er ákveðin heimskreppa og bara Spánn vantar gríðarlega mikið, vantar tvær milljónir Breta, bara til Spánar sem ferðamenn. Ef að verðið hefði verið hagstæðara þá er ekkert víst að það hefði vantað tvær milljónir Breta. Þarna kemur sko vinkill sem að gæti verið sko, sérstaklega fyrir lönd sem eru ódýr og gallinn er bara það að í dag erum við ódýr. Þannig að ef við tökum upp evruna og verð fer upp úr öllu valdi þá lendum við bara í sömu súpunni og áður að við

verðum bara dýrt land. Við erum bara með evruna í stað krónunnar. En Spánn var náttúrulega svo stór ferðamannastaður að þeir lenda soldið í því að þeir taka evruna upp og hækka verðið þegar kreppan skellur á er landið dýrt en ekki ódýrt. Evran er sterk gagnvart dollar og pundi þannig að það er, enda eru Spánverjarnir að þjást soldið núna. Þannig að þetta er spurning sko, ég er ekkert viss á því að þeir séu að græða á því í ferðapjónustunni sem slíkri að hafa evruna. Þó á móti er auðveldara að ferðast með gjaldmiðilinn.

Georg: Við erum nú kannski komnir inn á þetta og ég held ég sé svo sem kominn með svar frá þér um þetta núna en ég skýt því inn svona að lokum, ertu sjálfur persónulega hlynntur upptöku evru á Íslandi?

Kristján: Ég held að ég hafi sagt það bara áðan sko, ég er hlynntur upptöku evru á Íslandi ef það er á þeim forsendum sem við getum sætt okkur við en að taka upp evruna núna, það er nú bara að koma skriðandi. Við erum bara þú veist, það er 100% aukning á kostnaði fyrir mig á vörum í evrum og ef ég tek upp evruna núna þá yrði engin breyting. Og gríðarlegur halli varð eða það var gríðarlegt högg á eigið fé flestra fyrirtækja um síðustu áramót þegar að uppgjörin voru. Þá var gengið 171 en nú er gengið 184 þannig að það er annað högg í vændum fyrir eigið fé fyrirtækja í landinu um áramótin nema eitthvað breytist. Þannig að fara yfir í evru og flest fyrirtæki með neikvætt eigið fé bara út af einhverri stöðu lána, þrátt fyrir að geta alveg borgað af þeim það er bara, þá eru bara erfiðir tímar framundan.

Georg: Ef við förum aðeins inn á þá ferðamenn sem eru að koma hér og gista á Radisson og Hótel Íslandi. Hvernig lýsa þeir sér, eru þetta þá hópar mest megnið?

Kristján: Þetta hefur náttúrulega breyst mikið í gegnum árin. Áður fyrr voru þetta mikið meira hópar og serie hópar svokallaðir. En þetta hefur breyst í að þetta eru mikið meira einstaklingar. Hóparnir hafa minnkað, nema kannski fjölgað hópunum, en þeir hafa minnkað. Síðan fer þetta aðeins eftir efnahagsaðstæðum í heiminum færri eða fleiri og annað slíkt. EF við gefum okkur árið í ár þá var lítil aukning frá því í fyrr en hins vegar tekjurnar voru betri, miklu betri.

Georg: Þá hérna síðasta spurningin svona, hérna gistinætur sem mælieining á hvernig gengur í ferðabransanum eða svona sem mælieining, hvernig er það?

Kristján: Gistinætur er ekki mælieining á velgengi í ferðapjónustunni. REVPAR er mælieining á velgengi á ferðapjónustunni á Íslandi. Það er það sem skiptir máli. Það skiptir máli hversu mörg herbergi þú selur á ákveðnu verði. Ekki endilega hversu margar gistinætur koma inn ef að tekjurnar eru lélegar eða ef þetta eru fáar gistinætur og miklar tekjur út af einhverjum gengisbreytingum. Það skiptir máli hvað er þetta að skilja eftir sig. Það er eina mælieiningin sem við getum borið okkur saman við aðra en núna hefur náttúrulega orðið 100% fall í evrugenginu sem að verður til þess að við eru óttalegir aumingjar í samanburði við önnur lönd. Bara vegna þess að við erum að gengisfella REVPAR-ið. Ef að við hefðum verið með evru þá hefðum við örugglega verið í betri málum en flest önnur ríki. Þannig að ef þú talar um REVPAR þá myndi ég segja að gisting sé mjög góð mælieining í ferðapjónustunni og í raun eina mælieiningin vegna þess að það er ekkert annað mælt á Íslandi.

Georg: Þá er þetta bara komið og ég þakka þér kærlega fyrir!

Kristján: Takk sömuleiðis

## Viðauki C – viðtal við Kristófer Oliversson

**Viðtal er tekið við Kristófer Oliversson, eiganda og framkvæmdastjóra Centerhotels.**

**Viðtalið er tekið þann 19.10.09 á Hótel Plaza í miðbæ Reykjavíkur.**

Georg: Ef þú gætir kynnt sjálfan þig og þitt starf?

Kristófer: Kristófer Oliversson og ég er með þessi eða við keyrum undir merkinu Centerhotels. Það eru fimm hótél í höfuðborginni sem eru í eigu okkar hjóna, Svanfríðar Jónsdóttur og mín. Já, við erum búinn að byggja þetta upp á síðustu fimmtán árum eða já, líklega ef við myndum byrja alveg frá byrjuninni. Við erum núna með 413 herbergi og teljum okkur vera einn af þessu fjórum aðilum sem eru öflugir á þessum markaði.

Georg: 413 herbergi segirðu?

Kristófer: Já, á fimm hótélum. 180 hér, 104 á Arnahóli, 50 á Þingholti, 46 á Klöpp og 33 á Skjaldbreið.

Georg: Það er orðið þokkalegur biti. Sem sagt það sem ég ætlaði að reyna fá frá þér er þessi mögulega upptaka evru á ferðapjónustu. Þannig að ef ég byrja á að spyrja, telur þú að upptaka evru myndi hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á aðkomu ferðamanna til Íslands?

Kristófer: Ef ég horfi á þetta frá sjónarhóli okkar sem rekstraraðila þá er ég neikvæður í bili. Ef ég horfi á þetta frá sjónarhóli ferðamannsins þá get ég ekki séð að þetta ætti að breyta verulega miklu fyrir hann. Hérna, það yrði, Ísland yrði svona hluti af þessum Evrópu graut og kannski síður spennandi viðkomustaður eða kannski eins og einhver orðaði það hérna að það myndi minnka framandleikan og þar af leiðandi yrði Ísland ekki eins spennandi. Mér finnst að við eigum að vera það sem við erum. Við eigum að veiða hval og ef við viljum hafa krónu þá eigum við að hafa krónu óháð því hvað ferðamönnum finnst ef það er okkur hagstætt. En ég get ekki séð að það ætti að hafa nokkur áhrif á ferðamennina nema að þeir þyrftu að skipta. Þetta kannski auðveldar, verðsamanburður væri auðveldari. Það yrði ýmislegt auðveldara fyrir þá.

Georg: mmmm

Kristófer: En svo spyr maður sig, ef maður fer í ferðalag, er maður að sækjast eftir því að allt sé voðalega auðvelt og eins. Maður er að sækjast eftir framandleika og nýrri upplifun. Að því leiti myndi evran ekki hjálpa okkur að þannig að það gerði Ísland að sérstöku og eftirsóknaverðu ferðamanna landi.

Georg: Þannig að hérna...

Kristófer: Ég sé sérstaklega jákvætt af hálfu ferðamannsins nema kannski það er auðveldar fyrir hann þegar hann pantar á barnum hérna þjórinn kostar hérna...

Georg: Já, samanburður á verði og

Kristófer: Já, það er fyrst og fremst það. Auðveldar honum lífið.

Georg: Og, en þú fórst þarna aðeins í áhrifin á reksturinn

Kristófer: Já

Georg: Þetta hefði neikvæð áhrif á reksturinn

Kristófer: Allavega ef þú hugsar til skemmri tíma. Það er náttúrliga, hvað erum við að gera núna? Við erum að vinna okkur út úr kreppunni með gengisfellingu í raun og veru og það er það sem að hefur alltaf í gegnum árin hjálpað útflutningsgreininum það er það að fella gengið. Við lækkum, ef þú horfið á þetta frá sjónarhóli fyrirtækjanna. Við lækkum allan okkar innlendan tilkostnað og við höfum það forskot að við getum verið með okkar tekjur í erlendu. Þannig að það væri bara, í þessari stöðu akkúrat núna þá væri það bara vitlaust að taka upp evru akkúrat núna. En síðan getum við hugsað, þetta er til skemmri tíma, síðan getum við hugsað til lengri tíma. Sko, við erum náttúrliga að vinna okkur út úr hruni sem varð í fyrra. Hvort sem hægt er að rekja til krónunnar sem sökudólgis í því en hrunið varð í krónum og hérna, það er náttúrliga ákveðinn stöðugleiki, þetta rekstarumhverfi sem við höfum haft undanfarin ár er náttúrliga bara fáránlegt.

Georg: Með krónunni?

Kristófer: Já, það er það! Sko, þú veist aldrei hvað er framundan. Það er ekki hæfni þín í rekstri sem skiptir mestu máli heldur hvernig veðjaðirðu á gjaldeyri áður en að krónan hrundi.

Georg: Já

Kristófer: Þannig að því leitinu. Þetta er aldrei einfalt svar, þetta er, ég myndi svara þessu þannig að til skemmri tíma þurfum við að hafa krónuna núna til að moka okkur út úr þessu en síðan þurfum við að vanda okkur mjög vel með ákvörðun til lengri tíma.

Georg: Já, það hérna, það tæki alltaf ákveðið ferli og tíma að fá evruna inn sko. Heldurðu að það myndi aðstoða okkur með að ákveða það þ.e. þessi yfirlýsing „við ætlum að taka upp evru“ myndi hjálpa okkur fyrr upp úr vandræðunum?

Kristófer: Ég leyfi mér að efast um það vegna þess að yfirlýsingar Íslendinga eru ekki mikils virði í dag, hehehe, það er spurning ef það yrði tekið trúanlegt þá er það spurning um stöðugleika. Það er auðvitað það sem við þurfum að sýna fram á það er trúverðugleiki.

Georg: Já

Kristófer: Ehh, kannski, við yrðum trúverðugri ef við ætluðum að fara í aðra mynt þá held ég að það myndi nú svona út á við held ég hjálpa okkur.

Georg: En ef ég fer aftur með þig í ferðamanninn og Ísland sem ferðamannastaður. Er hann álitinn dýr eða ódýr ferðamannastaður?

Kristófer: Það hérna held ég, núna held ég að menn séu að upplifa sem mjög ódýran og bara svona framan af, við erum náttúrliga sko við vorum mjög ódýrt strax eftir hrunið. Ég held að markaðurinn sé að fara svona sem sé ferðabjónustan er mjög mikið kominn yfir í evrur.

Georg: Mmmm

Kristófer: Þannig að ég held að við séum ekkert ódýrari heldur en við vorum í fyrra hvorki hótél, flug né annað. En það er hins vegar að fara út að versla, eins og hefur komið fram út að versla og veitingahús og annað sem er ódýrara. Það er ekkert ódýrara að koma til Íslands.

Georg: Nei, það er búið?

Kristófer: Það held ég að sé, þau hótél sem að, við erum nú búinn að vera í evrum allt síðastliðið ár og allt þetta ár og byrjuðum á því í fyrra og að hérna þau hótél sem voru eftir og voru í íslenskum krónum voru alveg ótrúlega ódýr og ómögulegt að keppa við þau en ég held að flestir hafi farið yfir í evrur og leiðrétt verðin.

Georg: Þá erum við í raun og veru komnir aftur að því dýrt land eða?

Kristófer: Nei, ég held að við séum ekki kominn því við erum búinn að, við höfum hækkað verðið í krónum en við höfum lækkað verðið í evrum.

Georg: Já

Kristófer: Ísland, ehh, hótelin hafa lækkað verðin í evrum þannig að við erum ódýrari en við vorum. Það er alveg klárt.

Georg Já, ok. Hérna sem sagt ef að upptaka evru yrði á Íslandi heldurðu að það myndi gera hlutina dýrari hérna? Telurðu að það myndi fela í sér verðhækkunir?

Kristófer: Það ætti ekki að gera það ef það er fullkominn samkeppni á markaðnum. Þá ætti bara að vera sama verðlag á markaðnum áfram. Ég get ekki séð nein rök fyrir því að það yrði dýrara, ég meina, við myndum ekki geta hækkað verð á þeim grundvelli einum að við værum í evrum.

Georg: Nei nei, það virðist vera einhverskonar tendency hjá þeim löndum sem að taka upp evru að það koma upp hækkunir

Kristófer: Já já, það er bara eins og 1980, var það ekki 1980 þegar skorinn voru tvö núll af krónum. Þá var talað um það að það kæmi mikil hækkun á verði sko því að krónu kúlan hún gat ekki kostað 100 kall þannig að menn töluðu þá um það að ódýrar vörur þá hækkuðu í verði. Það sem að kostaði kannski 100 kall kostaði allt í einu krónu þannig að menn settu kannski 10 krónur á það og þannig tífaldaðist verðið. Þetta er kannski svipað og myndi gerast ef við myndum taka upp evru, við myndum skera myntina úr 180 krónum niður í eina evru og ég veit ekki hvort það er hægt að rugla eitthvað í meðvitund fólks sko ef það kókið sem að kostaði kannski ja segjum 360 kall ef að það kostaði allt í einu 3 evrur þá væri það mikil hækkun en það væri kannski mjög auðvelt að setja á það 3 evrur við þessar aðstæður

Georg: Já, ég skil þig

Kristófer: En það eru engin svona, það er eru engin hagfræðileg eða efnahagsleg rök sem að mæla með að þetta muni ske en sagan segir að þetta geti gerst við þessar aðstæður. Að menn noti tækifærið til verðhækkana.

Georg: Já, við erum nú þekktir fyrir það hér

Kristófer: Já



Georg: En hérna, ef að sem sagt það kæmi til að evran yrði tekinn upp heldurðu að það myndi fela í sér einhverja aukningu í sér á komu ferðamanna?

Kristófer: Ég sé ekki af hverju

Georg: Ok

Kristófer: Ég sæi frekar þver öfugt, eða akkúrat núna í þessari kreppu sem við erum akkúrat núna ef þú skoðar t.d. skrif í breskum ferðatímaritum og þar sem talinn eru upp þau lönd sko fyrir Bretanna. Farið þið til Íslands, Króatíu og svo framvegis, þetta eru lönd sem eru ekki með evru. Af því að það er svo óhagstætt fyrir Bretanna að fara í þessi lönd, það er, að fara í lönd sem eru með evruna. Það er markvisst beina sínum gestum í lönd sem eru ekki með evrur, sem sagt þessir ráðgjafar.

Georg: Það kemur inn á næstu spurningu, einmitt þessi punktur sem hefur verið ræddur þ.e. að það minnki samkeppnisstöðu þessara landa gagnvart löndum sem eru ekki með evruna? Akkúrat út af þessu sem þú varst að lýsa sko. Þú sko telur að þetta myndi gera það?

Kristófer: Ja sko, þetta fer bara, evra eða ekki evra, það sem ég er í raun og veru að segja það er verðið sem skiptir máli. Nú er mjög óhagstætt fyrir Breta að fara inn á evrusvæðið en það er mjög hagstætt fyrir þá að fara inn á krónu svæðið. Þeir fá bara mikið fyrir pundið sitt og það er það náttúrliga sem mælir fyrir rest, hvað þarf ég að borga mikið fyrir bjórinn, fyrir matinn, fyrir hótelið en ekki .. það hlýtur að vera það sem skiptir máli en ekki einhverjar blekkingar í raun og veru hvort þú skiptir yfir í þessa mynt eða aðra.

Georg: Hérna, hvað heldurðu að það myndi gera fyrir ímynd Íslands ef við myndum skipta um gjaldmiðil yfir í evru

Kristófer: Ég veit það ekki, hérna, ég held að við myndum bræðast inn í þennan Evrópugraut. Ég get ekki séð eiginlega neitt gott fyrir ímynd Íslands. Við erum náttúrliga algerlega búinn að eyðileggja okkar ímynd í fjármálaheiminum, í þeim hvað eigum við að segja, í þeim þrönga heimi. En ég held að það sé bara allt í lagi með ímynd Ísland allsstaðar annarsstaðar. Þannig að ég get ekki séð neitt gott fyrir ímynd Íslands að taka upp evru, langt því frá, bara verra.

Georg: Ok

Kristófer: Eða þá á ég nú við að verða hluti af þessum Evrópugraut

Georg: Þetta helst auðvitað allt í hendur

Kristófer: Ja, það segja allavega sumir, kannski flestir. En sumir vilja segja að við getum tekið upp evruna án þess að ganga í Evrópusambandið

Georg: Er það, ég hef nú einhvernvegin alltaf haldið að það sé útilokað að taka upp einhliða evru án þess að ganga inn

Kristófer: Þeir sem að vilja endilega inn í Evrópusambandið segja að það sé ekki hægt. Þeir sem vilja ekki inn segja að það sé hægt svo vitum við aldrei hvað er satt

Georg: En ef að þetta ferli færi af stað, við myndum taka upp evru. Heldurðu að það yrði einhverskonar markaðssetning fyrir Ísland? Nú ertu búinn að segja að ímyndin myndi hreinlega skaðast.

Kristófer: Ja, skaðast og ekki skaðast. Ég myndi frekar segja að þetta myndi engan veginn hjálpa. Sko framandleikinn minnkar. Ég man að ég fór á fyrirlestur þar sem að finnskir ferðamála frömuðir voru að ræða um hvaða áhrif upptaka evrunnar hefði haft á Finnland og finnskan ferðamannamarkað.

Georg: Já

Kristófer: Niðurstaðan var bara sú að, hún var hitt og þetta, en niðurstaðan í heild var að þetta skipti engu máli.

Georg: Ehh, þannig að sem sagt þú ert þá ekkert á því að það yrði meira traust til landsins vegna evrunnar?

Kristófer: Í fjármálaheiminum yrði það vafalaust

Georg: Já, en ekki fyrir ferðamanninn?

Kristófer: Ekki fyrir ferðamanninn. Ég tel eins og ég segi ef þú ert Breti og segir „hvert á ég að fara“ eh, við förum ekki í evruland eins og staðan er núna en við förum til Íslands. En það hefur dregið mjög úr ferðalögum Breta og þeir hafa minnkað hér á Íslandi en við vitum aldrei myndi þeim minnka ennþá meira, myndi þeim fækka ennþá meira ef það væri evra hérna.

Georg: En t.d. ferðamenn innan evrusvæðisins?

Kristófer: Já, jájá, ég eh, hvers vegna ertu að, þegar þú tekur ákvörðun um ferðamannastað, skiptir það þig máli hvaða mynt er? Þú sérð, þegar þú ert að fara til Íslands, þú getur séð hvað flugið kostar í þinni mynt, þú getur séð hvað hótelið kostar í þinni mynt. Ég get ekki séð að það myndi breyta nokkrum sköpuðum hlut. Nema kannski það að það er auðveldara að bera saman verð. Þú þarft ekki að fara á tölvuna þína eða reikna í kollinum. Og menn eru ekki að taka ákvarðanir með neitt löngum fyrirvara en eins og þetta var hérna fyrr á tíð þegar menn tóku ákvarðanir um að koma til Íslands í janúar að koma í júlí þá gat gengið breytt sköpum fyrir ferðamanninn. Nú er það fyrst og fremst gengisáhætta fyrirtækjanna sem skiptir máli.

Georg: Svona að lokum, persónulega, ert þú hlynntur upptöku evru á Íslandi?

Kristófer: Ehhh, sko, við getum svarað því þannig að til skemmri tíma, nei, en til lengri tíma, krónan er ónýt þannig að eitthvað þurfum við að gera. Þetta er ekki hægt eins og þetta hefur verið. Þannig að hvort það yrði evra eða hvaða mynt það yrði. Væntanlega yrði evra skynsamlegasti kosturinn til lengri tíma. Það er í raun og veru svarið. Það er eitt svar til skemmri tíma og annað til lengri.

Georg: Já, kannski bara aðeins hér að lokum. Ef við tökum gistinætur sem mælieiningu á ferðabjónustu landsins, hvernig finnst þér það sem mælieining?

Kristófer: Það er náttúrulega ágætis mælikvarði en þú þarft skilja það. Að t.d. hérna í Reykjavík að Grand Hótel opnar það verður sjálfkrafa mikil aukning í gistingu þegar það er farið að telja og síðan er því slegið upp og rætt um þetta sem aukning eða þarna sé á ferðinni uppgangur. En aukið

framboð þýðir það að það þynnist út, þetta minnkar nýtinguna hjá hinum þegar það kemur aukið framboð. Þannig að ef að þú skilur mælikvarðann, hann er góður með örðum mælikvörðum.

Georg: Ef við sko lítum á þetta þ.e. ferðapjónustuna sem eina heild, ekki rekstareiningarnar innan, Ísland og ferðapjónustan og förum og teljum allar gistinæturnar.

Kristófer: Gistinætur eru ágætis mælikvarði en það eru mjög margir gallar á honum. Einn gallinn er t.d. að hótél skila þessu mis vel inn. Við sjáum, ég man eftir einhvern tíman á austurlandi þegar það var algert hrun af því að annað af tveimur hótélum þar skilaði ekki inn skýrslu og það var bara birt sem staðreynd. Ég man eftir fyrir 10 árum eða svo, hún hét Rut sem vann á Hagstofunni ef ég man rétt, sem vann við að telja gistinætur, eða nei sem tók við þá og við það að hún tók við þá fjölgaði gistinóttum um 10% af því að hún var duglegri að innheimta heldur en sá sem var á undan. Annað sem að gerðist hér í fyrra er að Navision, sem er algengasta hótélbókunarkerfið, hún er alltaf með default sem ef að starfsmaður sló ekki inn þjóðerni þá kom bara default sem óþekkt. Þeir breyttu því í kerfinu hjá sér þannig að default varð Íslendingur og síðan varð stórkostleg aukning á Íslendingum gistinóttatalningu. Svo ýtir þú á einn takk í lok mánaðar og sendir inn skýrslu og allt í einu var komið fullt af Íslendingum. Síðan var fólk að fjalla um það úti í bæ hve mikil fjölgun var á Íslendingum, hvað þetta væri góð þróun og svo framvegis en raunveruleg skýring var alla veganna að hluta til í Navision. Þannig að þetta er, þú þarft að þekkja mælitækin sem þú ert með. En gistinóttatalning er fínn mælikvarði. Þá veistu volumið sem er að koma alveg eins og fjöldi ferðamanna en þú þarft líka að vita nýtingu og meðalverð og framboð á herbergjum og taka allan þakann ef þú ætlar að skilja sko.

Georg: Heyrðu, þetta er bara komið og ég þakka bara alveg kærlega fyrir

## Viðauki D – viðtal við Ernu Hauksdóttir

**Viðtal er tekið við Ernu Hauksdóttir framkvæmdastjóra SAF – Samtök Atvinnurekenda í Ferðaþjónustu. Viðtalið er tekið þann 19.10.09 á skrifstofu SAF.**

Georg: Svona til að byrja með gætirðu kynnt þig og þitt starf?

Erna: Já, ég heiti Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka Ferðaþjónustunnar sem eru vinnuveitendasamtök allra fyrirtækja sem starfa í ferðaþjónustu.

Georg: Ok, eins og ég var að útskýra fyrir þér áðan þá er ég að reyna að koma að niðurstöðum um möguleg áhrif upptöku evru á ferðaþjónustuna svo þá ef ég spyr svona fyrst: Telurðu að upptaka evru myndi hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á aðkomu ferðamanna til Íslands?

Erna: Sko, ég held að þegar til langs tíma er litið þá hljóta áhrifin að vera jákvæð. Það er mjög stór hluti af okkar ferðamönnum eru af evrusvæðinu svo að þeir vita að hverju þeir ganga. Þegar að við horfum á þann tíma sem að við höfum haft hér síðustu nokkuð mörg árin þá hafa sveiflur verið hér mjög miklar. Þannig að það er til skiptist dýrt og ódýrt fyrir viðskiptavinin að koma. Það er mjög ódýrt í dag en það var mjög dýrt fyrir hann að koma fyrir tveimur árum síðan. Þannig að ég tel betra að það væri meira jafnvægi.

Georg: Já, meiri stöðugleiki

Erna: Meiri stöðugleiki

Georg: En ef við gefum okkur að evran yrði tekinn upp, heldur þú að það myndi hafa áhrif á verðlag? Yrði Ísland dýrara fyrir vikið?

Erna: Það fer náttúrulega allt eftir því á hvaða gengi við ætlum að taka upp evruna og hvernig þróast svo málin. Til langs tíma þá tel ég það nú ekki vera. En evran yrði tekinn upp þá yrðu náttúrulega megin áhrifin þau að íslensk fyrirtæki myndu geta verðlagt sig með einhverju viti fram í tímann. Íslensk ferðaþjónusta þarf að gefa út verð með mjög löngum fyrirvara og það hefur einhver stærsti vandi fyrirtækjanna að þú hefur ekki hugmynd um hvaða gengi er á íslensku krónunni þegar að kúnninn kemur eftir kannski eitt eða tvö ár og þú ert búinn að gefa honum verð í það sem hann ætlar að kaupa.

Georg: Hálfgerð lottó bara

Erna: Já, en ef að, en ef að, þannig að það verður allt annað að verðleggja og öll áætlunargerð verður allt önnur þegar þú ert kominn með stabílla gengi sem að stór hluti af þínum kúnnum er líka að nota.

Georg: Heldurðu að þetta myndi leiða til aukningar á ferðamönnum til landsins?

Erna: Ég þori ekki að segja til um það. Eins og ég segi ef við horfum til langs tíma, fólk er auðvitað að koma til Íslands að upplifa íslenska náttúru og það er nú svo skrítið að þegar að gengið var hérna sem allra erfiðast árið 2007, íslenska krónan var gríðarlega sterk þá er mjög mikil fjölgun ferðamanna. Sem segir okkur að ferðamenn fara, sko Ísland er frekar svona exótískur staður og sem fólk fer kannski bara á einu sinni um ævina og þá ertu kannski ekki að spegulera í því hvort að krónan er hér eða þar, ehþá hlýtur í rauninni að vera vegna þess að við sjáum hversu gríðarleg fjölgun ferðamanna var meðan að krónan var sterk, það kom okkur alltaf á óvart. En ég held að upptaka annars gjaldmiðils

eins og evru hafi fyrst og fremst áhrif á það að það er hægt að gera einhverjar áætlanir fram í tímann að einhverju viti.

Georg: Já, það er sem sagt þessi jákvæðu áhrif á reksturinn?

Erna: Á reksturinn. Að gefa út verð, að segja við kunnann hvað hluturinn á að kosta eftir eitt ár og þú veist ekkert hvort krónan verður farinn 20% upp eða 20% niður og þú situr uppi með annað hvort hagnað eða tap. Það er ofboðslega dýrt.

Georg: Já og erfitt!

Erna: Það er dýrt og erfitt og það getur líka verið dýrt að geta aldrei gert neinar áætlanir að neinu viti. Við sjáum það líka núna að þegar allt hrundi að fyrirtæki voru með öll lán í erlendri mynt. Ef þú ert að byggja hótél eða kaupa bílaleigubíl eða rútu þetta eru meira og minna alltaf lán í erlendri mynt. Gengistryggð lán. Þau væru náttúrliga ekki í öllu þessu bulli ef þú værir með sama gjaldmiðill og löndin í kringum þig sem þú ert að verða við.

Georg: Nei nei, það er alveg rétt

Erna: Enda sérðu sko hérna í þessari könnun að það var obbinn af öllum félagsmönnum sem vilja annan gjaldmiðil, vilja evru. En það eru miklu miklu meira færri sem vilja ganga í Evrópusambandið. Það er vegna þess að þeir sjá ekki kostina við það nema bara að fá evruna. Því það má segja að ferðapjónustan býr í dag meira og minna við evrópsk lög og reglur. Við eru, við þurfum að fara eftir lögnum því við erum í evrópska efnahagssvæðinu. Það sem við sjáum fyrir okkur að geti breyst er að gjaldmiðillinn mun náttúrliga hafa mikil áhrif, eins og ég sagði, og svo hefðu menn haldið að matarverð myndi eitthvað lækka hér fyrir hótél og veitingahús.

Georg: Er Ísland álitinn dýr eða ódýr ferðamannastaður?

Erna: Hann hefur yfirleitt verið álitinn dýr ferðamannastaður

Georg: Sem er þá eitthvað að breytast núna eða?

Erna: Já, það tekur ofboðslegan tíma að kynna mál frá Íslandi þar sem að Ísland er lítið land með lítið af peningum til landkynningar og umheimurinn stór. Ég held að í augum manna verði Ísland aldrei ódýrt land og við kærur okkur heldur ekkert um það. Við ætlum okkur ekkert að verða ódýrt land. En það sem að ferðapjónustu fyrirtæki eru að auglýsa núna meðan að krónan er svona léleg það er verið að auglýsa að Ísland sé meira „affordable“ heldur en það var. Þú hefur frekar ráð á því að fara til Íslands núna, notið þið tækifærið. Það er ódýrt að fara út að borða, sko hótélín eru mörg, mjög mörg með evruverð. Þau geta ekkert lifað öðruvísi þau eru með öll sín lán í evrum. En þegar þú ert kominn hingað þá er mjög ódýrt fyrir útlending að vera hérna t.d. að fara út að borða og t.d. að versla.

Georg: Heldurðu að hérna, heldurðu að samkeppnisstaða Íslands myndi dvína eitthvað gagnvart öðrum löndum eða aukast?

Erna: Það fer allt eftir því hvernig gengið á evrunni á eftir að verða og á hvaða gengi við ætlum að fara þangað. Og það er auðvitað ákveðinn yfirgangstími en að því slepptu þá hefði ég nú haldið að erlendir ferðamenn að þeim fyndist það nú mjög þægilegt að ferðast til lands sem tæki þeirra eigin gjaldmiðil.

Georg: Já, myndi auðvelda samanburði á verði og annað?

Erna: Já já, svo get ég ekkert sagt um það hvernig það myndi koma

Georg: Hvað heldurðu að myndi gerast fyrir ímynd Íslands? Heldurðu að það myndi breyta ímynd Íslands?

Erna: Að taka upp evru?

Georg: Já

Erna: Ég veit það ekki, það held ég ekki, það held ég ekki.

Georg: Að hún væri bara alveg eins

Erna: Heldurðu að ímynd Danmerkur myndi eitthvað breytast ef þeir myndu taka upp evru. Land sem er nú á bólakafi í Evrópusambandinu, heldurðu að ímynd þeirra myndi breytast eitthvað við að taka upp evru?

Georg: Nei, ef þú setur það upp svona þá er ekki víst að það myndi hafa nokkur áhrif

Erna: Ég efast um að það myndi hafa nokkur áhrif. Það myndi svona undirstrika það að við værum svona hluti af evrópska af Evrópusambandinu. Það myndi náttúrliga setja fókusinn á það að við værum hluti af Evrópusambandinu. Sem geri ráð fyrir að í augum sumra yrði hið besta mál en ég held að fólk sem er að fara að heimsækja Ísland, Ísland er exótískt land, ég held að fólk sé ekki að velta því mjög mikið fyrir sér.

Georg: En ef við förum með þetta svona inn í traust til landsins, heldurðu að þetta myndi ekki hafa nein bein áhrif?

Erna: Sko það getur alveg hugsast, sko eftir þetta hrún. Eftir þetta bankahrún, þá eru ekkert allt of margir sem hafa mikið álit á okkur, það gæti ef við horfum til þess þá gæti það já aukið traust á okkur.

Georg: En svona þau lönd sem að hafa nú þegar tekið upp evruna, heldurðu að þetta hafi haft annað hvort jákvæð eða neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna þar?

Erna: Sko, það hefur haft jákvæð, ég þekki nokkurn veginn í raun og veru bara til Finnlands. En það hefur haft jákvæð áhrif, þau hafa geta farið að gera raunbærar áætlanir. En í augnablikinu eru Finnar að upplifa mikinn samdrátt vegna þess að þeir eru með evru. Evran er svo sterk í augnablikinu. Það er mikill samdráttur í Evrópu og það er mikill samdráttur í Danmörku vegna þess að þeir tengja dönsku krónuna við evruna

Georg: Já

Erna: Það er aukning í Svíþjóð vegna þess að sænska krónan hefur lækkað verulega og auðvitað aukning á Ísland vegna þess að íslenska krónan hefur náttúrliga hrúnið. Þannig að Ísland og Svíþjóð eru í góðum málum vegna þess að þeir eru með sinn eigin gjaldmiðil en Danir og Finnar eru í verulegum vandræðum af því að evran er svo sterk í augnablikinu. En ég hneigist dálítið að því að horfa til langs tíma, við erum náttúrliga í heimskreppu sem er dálítið sérstakt ástand. Þannig að lönd eru í mismunandi stöðu í dag. Þetta er náttúrliga bara facta að þessi norðurlönd sem tengjast evru þau eru í bölvuðum vandræðum.

Georg: Já

Erna: Svo segirðu að við værum í sömu vandræðum ef við hefðum haft evru en svo segja aðrir á móti að við hefðu kannski ekki upplifað bankahrún ef við hefðu haft evru.

Georg: Já

Erna: Menn geta rifist um það út í hið óendanlega

Georg: Akkúrat, það er nú annar handleggur, hvað hefði.

Erna: Já, við værum allavega ekki með allt þetta lcesave og öll þessi jöklabréf og allt þetta rugl sem var út af þessari sterku krónu.

Georg: Jájá, skuldir heimilanna og fyrirtækja væru kannski aðeins..

Erna: Jájá, við værum ekki, við hefðum ekki farið svona ílla ef við hefðum verið með evru en það er ekkert við í að taka upp einhliða evru núna. Nú eigum við náttúrlega bara að njóta þess að vera með lélegan gjaldmiðil og djöfla útflutningstekjunum upp.

Georg: Jájá, sem að er nú þegar byrjað. En er þú hlynnt upptöku evru á Íslandi?

Erna: Persónulega

Georg: Já

Erna: Ja, ég get náttúrlega bara svarað fyrir hönd samtakanna að menn vilja, menn vilja fara í viðræður. Menn vilja fara í viðræður til að skoða hvað kemur út úr þeim því menn eru náttúrlega orðnir dauðþreyttir á sveiflunum á íslensku krónunni

Georg: Ef ég kem með eina spurningu að lokum, sem kemur að gistinóttum sem mælieining. Hvernig finnst þér gistinætur sem mælieining um hvernig gengur hjá ferðabjónustunni?

Erna: Í raun og veru er langbest að horfa til margra eininga þegar verið er að skoða hvernig gengur í ferðabjónustunni. Sú mælieining sem flestir þekkja eru hversu margir hausar koma inn í landið. Það er mjög áhugaverð statistik sem við erum búinn að eiga í áratugi. Að sjá hvenær Bretar eru að fara upp eða niður eða Þjóðverjar vegna þess að við eigum áratuga mælingar með hverri þjóð af okkar svona stærri viðskiptaþjóðum sem eru svona 16-18 þjóðir. Það er mjög áhugaverð nálgun og þar getum við svona fylgst með þróuninni en það segir okkur ekkert um það hversu miklar tekjur við fáum.

Georg: Nei nei

Erna: Því þetta geta verið gríðarlegir hópar hérna og stoppað í tvo daga og verið í tjöldum. Síðan er það náttúrlega bara gjaldeyristekjurnar sem að kannski skiptir mestu máli. Hvaða gjaldeyristekjur eru að koma inn í landið. Við fengum það framgengt fyrir nokkrum árum að það var farið að vinna hérna tourism satellite account, nýja ferðabjónustu reikninga sem að mæla miklu breiðara svið og sýna ferðabjónustuna miklu verðmætir heldur en gömlu hagstofu tölurnar voru að sýna. En það er náttúrlega hagstofan sem er að vinna þetta og þá er farið að taka allskonar þætti inn í eins og bensínið á bílaleigubíllanna og allar fargjaldatekjur sem eru auðvitað bara tekjur í ferðabjónustu. Þessi

tala segir okkur auðvitað gríðarlega mikið en hún náttúrliga sveiflast með genginu. Gjaldeyrstekjur hafa aukist alveg gríðarlega núna.

Georg: Já

Erna: Það er náttúrliga bara vegna hruni krónunnar.

Georg: Já

Erna: Og síðan eru það gistinætur sem eru ljómandi góð hagtala því að þar sjáum við alveg þróunina á gistinóttum Íslendinga og hinum ýmsu þjóðflokka sem að hingað koma. Síðan erum við hjá SAF, sem er reyndar bara helstu úrtak af helstu hótélunum. Þar eru tekjur hótélanna. Þetta er ekki bara að telja gistinætur heldur þar er herbergjanýtingin og herbergjaverðið.

Georg: Meðalverðið?

Erna: Já meðalverðið, og það sem við köllum tekjur á framboð á herbergi, REVPAR, revenue per available room. Því það er ekkert að marka nýtingartölur nema þú hafir meðalverð með

Georg: Nei nei

Erna: Sem að verður saman af REVPAR-i og auðvitað sveiflast svo talan líka með gengi krónunnar. Þú verður að skoða bara allar þessar tölur saman.

Georg: Ég held að þetta sé bara mjög gott, ég er búinn með listann og þakka bara kærlega fyrir.

Erna: Bara alveg sjálfsagt



